

Ársskýrsla 2007

The Museum Council of Iceland
A Yearly Report for 2007

s a f n a r á ð

the museum
council
of iceland

Safnaráð
Laufásvegi 12
101 Reykjavík

Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	4
Fulltrúar í Safnaráði	6
Hlutverk Safnaráðs.....	7
Starfsemi Safnaráðs 2007	9
Rekstur skrifstofu Safnaráðs 2007	9
Skilgreiningar	9
Innlend og alþjóðleg aðild og samvinna	10
Nýtt lógó safnaráðs	12
Málstofa Safnaráðs með Erni Hrafnkelssyni – Samvinna bóka-, minja- og skjalasafna	13
Málþing Safnaráðs um rafrænt aðgengi að menningararfi og náttúruminum	13
Íslenski safnadagurinn	15
Vefsíða Safnaráðs	21
Útgáfa Safnaráðs 2007	22
Safnastarf 2007	22
Menntun safnmanna	24
Safnasjóður 2007	25
Fjárlög 2007	27
Erindi til afgreiðslu	29
Stefnumótun stjórnvalda í safnamálum	29
Höfuðsófnin	30
Tölfræðiupplýsingar um safnastofnanir	32
Vettvangsferð Safnaráðs 2007	33
Ferðir framkvæmdastjóra og formanns 2007	33
Rannsóknargrein um safnastarf. Höfundur: Gisli Sverrir Árnason	34
Lokaorð	43
Viðauki 1: Styrkveitingar úr Safnasjóði 2006	44
The Museum Council of Iceland A Summary	45

Ávarp framkvæmdastjóra

Siðustu ár hefur títt borið á góma sá fjöldi safna sem íslenska þjóðin rekur í einhverri mynd, ýmist sem sjálfseignarstofnanir, stofnanir í eigu og/eða umsjá sveitarfélaga, stofnanir í eigu og/eða umsjá ríkis, einkasöfn, og fleira. Upplýsingar sem birtast í ársskýrslu Safnaráðs árlega sýna að hér á landi eru um 20 söfn skv. skilgreiningu ICOM, alþjóðaráðs safna á safni, á hverja 100 þús. íbúa, en í nágrannalöndum okkar eru þau oftast margfalt færri.

Ástæður þess hversu mörg söfn við rekum eru líklegast margar. Ein gæti verið sú að heildarflatarmál landsins er stórt og talið mikilvægt að á hverjum stað sé safn sem varðveitir, rannsakar og miðlar sögu og sérkennum þess staðar. Aðrar gætu verið framkvæmdagleði og stórhugi Íslendinga, rík þjóðerniskennd og virðing fyrir fortíðinni og sögunni.

Það gildir einu hver ástæðan að baki fjölda íslenskra safna er niðurstaðan verður sú sama, Íslendingar þurfa sjálfir að standa straum af útgjöldum við safnastarf, sem að stórum hluta er rekið af almannafé. Þessi staðreynd kallar augljóslega á mikilvægi skýrrar opinberrar stefnu um safnaumhverfið í landinu. Þetta er ekki bara eðlileg krafa skattgreiðenda, heldur einnig krafa safnmanna sjálfra.

Að starfa á litlu, fjársveltum safni, við slæmar aðstæður og eiga í sífelldri baráttu við að vinna augljósum faglegum áherslum í starfinu framgengi er ekki draumur safnmannsins. Draumur safnmannsins er að starfa við styrkt og öflugt safn, þar sem faglegar áherslur og viðurkennd viðmið eru sjálfsgöðir hlutir, þar sem sérþekking er álitin dýrmæt og metin að verðleikum, þar sem möguleikar eru á endurmenntun og þar sem nýbreytni og framþróun ráða ríkjum.

Í því skyni að takmarka óhagkvæma dreifingu fjármagns til safnastarfs og byggja upp öflug og framsækin söfn hafa Norðmenn beitt hinni ævafornu og vel þekktu gulrótaáferð. Opinber stefna þeirra er að sameina söfn í sterkari einingar með útibú/sýningar víða. Þeir hafa lofað söfnum sem sameinast töluverðri hækkun á opinberum rekstrarstyrkjum og hafa mörg söfn tekið áskoruninni (sjálfviljug) og sameinast í því skyni að bæta starfsemi sína með auknum styrkjum og þeirri hagræðingu sem hlýst af sameiningu. Þessi áferð hefur reynst vel.

Safnasjóður hefur stækkað lítillega undanfarin ár en þrátt fyrir það mætir hann ekki nærri þörf þeirra safna sem hljóta rekstrarstyrki úr sjóðnum. Sjóðinn þyrfti að efla verulega með það fyrir augum að hann geti verið styrk stoð við safnastarf í landinu og tæki til að stuðla að breyttu umhverfi safnastarfs hér á landi með því að ýta undir samvinnu og sameiningu og stuðla að þróun styrkra safna með alla burði til að stunda faglegt og framsækið safnastarf hér á landi. Skýr, opinber stefna um uppbyggingu safnastarfs á Íslandi og markviss dreifing fjármagns ríkis til safnastarfs í samræmi við hana er nauðsynlegt hér á landi til að unnt sé að mæta kröfu skattgreiðenda og safnmanna um hagkvæma og árangursríka nýtingu fjármagns til þessa málaflokks.

Eins og Safnaráð hefur margsinnis bent á fer einungis takmarkaður hluti fjármagns til safnastarfs í gengum Safnasjóð með faglegri umfjöllun og eftirliti ráðsins. Til að ofangreint sé mögulegt þurfa framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið að tryggja að fagleg viðmið ráði í öllum tilfellum þar sem fjallað er um dreifingu fjármagns ríkis til safnastarfs. Jafnframt þurfa þessir handhafar valds að tryggja að skýr, opinber stefna, ekki einungis um aðstæður, heldur einnig um uppbyggingu og skipulag íslensks safnastarfs ráði ferðinni hvað varðar dreifingu fjármagns til málaflokksins, með lögum og/eða framkvæmd.

Rakel Halldórsdóttir,
framkvæmdastjóri Safnaráðs

Fulltrúar í Safnaráði

Safnaráð er skipað, skv. safnalögum nr. 106/2001, af fimm aðilum til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) tilnefna einn fulltrúa hvort auk varamanna. Auk þeirra eiga sæti í Safnaráði forstöðumenn höfuðsafna, Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og Náttúruminjasafns Íslands og tilnefna þeir varamenn í sinn stað. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Safnaráð á árinu 2007 var skipað frá 1. nóvember 2005 til 1. nóvember 2009.

Skipan Safnaráðs á árinu 2007:

Ráðsmenn:	Varamenn:
Ólafur Kvaran, safnstjóri Listasafns Íslands, formaður Safnaráðs, formaður og lögbundinn aðalfulltrúi höfuðsafns á sviði lista til 28. febrúar 2007. Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands og lögbundinn aðalfulltrúi höfuðsafns á sviði lista frá 1. mars 2007.	Júliana Gottskálsdóttir, safnstjóri Listasafns Einars Jónssonar
Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, varaformaður Safnaráðs, formaður Safnaráðs frá 1. mars 2007.	Anna Guðný Ásgeirsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og þjónustusviðs Þjóðminjasafns Íslands
Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands, lögbundinn aðalfulltrúi á sviði náttúruminja til 1. júní 2007 Helgi Torfason, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands, lögbundinn aðalfulltrúi höfuðsafns á sviði náttúruminja frá 1. júní 2007 (með stofnun Náttúruminjasafns Íslands skv. lögum nr. 35/2007).	Álfheiður Ingadóttir, útgáfustjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, tilnefndur varafulltrúi á sviði náttúruminja til 1. júní 2007.
Sveinn Kristinsson, bæjarstjórnarfulltrúi Akranesi (fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga)	Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir
Karl Rúnar Þórsson, formaður Félags íslenskra safna og safnmanna (fyrir hönd félagsins)	Ágústa Kristófersdóttir, sýningastjóri Þjóðminjasafns Íslands

Framkvæmdastjóri Safnaráðs er Rákel Halldórsdóttir. Framkvæmdastjóri sér um allt er lýtur að rekstri skrifstofu Safnaráðs, veitir innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um safnamál, sinnir vefsíðu, málþingum og útgáfum, undirbýr ákvarðanir og fundi og sinnir framkvæmd ákvarðana ráðsins. Í barnsburðarleyfi framkvæmdastjóra frá ágúst 2007 var Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir starfandi framkvæmdastjóri.

Safnaráð fundaði á ellefu fundum á árinu 2007. Fundargerðir ráðsins eru aðgengilegar á vefsíðu þess: www.safnarad.is

Hlutverk Safnaráðs

Safnaráð er fjölskipað stjórnvald og stjórnsýslunefnd sem starfar undir menntamálaráðuneyti, skv. safnalögum nr. 106/2001, en einnig skv. lögum nr. 105/2001 um flutning menningarverðmæta úr landi og skil menningarverðmæta til annarra landa.

Skv. 3. og 11. gr. safnalaga er hlutverk Safnaráðs fjórþætt:

- 1) Safnaráð er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna.
- 2) Safnaráð hefur eftirlit með söfnum sem hljóta ríkisstyrki.
- 3) Safnaráð úthlutar úr Safnasjóði.
- 4) Sæki safn um styrk til menntamálaráðuneytis skv. 11. gr. safnalaga til öflunar húsnæðis fyrir starfsemina er styrkveiting háð samþykki Safnaráðs á stofnkostnaði og húsnæði.

Skv. 2., 4., 5., 6. og 7. gr. laga nr. 105/2001 og 7. gr. safnalaga bætist annað tvíþætt hlutverk við hin fyrri:

- 5) Safnaráð veitir formlegt leyfi til útflutnings muna eða gripa sem teljast til menningarverðmæta skv. 2. og 4. gr. laga nr. 105/2001.
- 6) Safnaráð skal annast framkvæmd skila á menningarminjum, er fluttar hafa verið með ólöglegum hætti til Íslands, til hlutaðeigandi ríkja.

Hlutverk Safnaráðs er því afar fjölþætt og spannar breitt svið íslensks menningararfs.

Á 14. fundi Safnaráðs þann 30. janúar 2003 voru samþykktar verklagsreglur ráðsins fyrir 2003-2005, sem framlengdar voru á fundi ráðsins þann 16. febrúar 2006, en skv. verklagsreglunum er hlutverk Safnaráðs:

- að meta starfsemi safna
- að halda skrá yfir söfn í landinu
- að stjórna Safnasjóði og veita úr honum styrki samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins
- að hafa eftirlit með söfnum og þeim framkvæmdum sem ráðið styrkir
- að veita ráðgjöf og fræðslu um safnamál

Ljóst er skv. verklagsreglum að megináhersla er lögð á fyrstu þrjú lögbundnu hlutverk ráðsins, enda marka þessi þrjú hlutverk stærstan þátt starfseminnar enn sem komið er.

Safnaráð stjórnar Safnasjóði og veitir styrkjum úr sjóðnum til safna skv. safnalögum nr. 106/2001. Í fyrsta frumvarpi til safnalaga sagði orðrétt: „Lagt er til að stofnaður verði sérstakur sjóður er beri heitið safnasjóður sem hafi það hlutverk að sjá um styrkveitingar til safna. Með stofnun slíks sjóðs er tryggð aukin samkvæmni í styrkveitingum og aukið eftirlit með þeim söfnum sem fá styrki.“¹ Samkvæmni í styrkveitingum og aukið faglegt eftirlit með söfnum er hljóta ríkisstyrki voru því meginmarkmiðin með stofnun Safnasjóðs.

Úthlutunarreglur Safnasjóðs voru staðfestar af menntamálaráðherra þann 6. maí 2003, en voru þær settar með vísan til 10. gr. safnalaga nr. 106/2001.


Á fjárlögum 2002, fyrsta árið sem sjóðurinn starfaði, var fjárveitingin 58 millj. og sjóðurinn myndaður að stærstum hluta af fjármagni sem áður hafði verið útteilt til byggðasafna af Þjóðminjasafni, eða 39 millj. kr. af fjárlagalið *02-902-1.10 Þjóðminjasafn, byggða- og minjasöfn*. Við það bættust 16 millj.

¹ Frumvarp til safnalaga. 126. löggjafarþing 2000-2001. Þskj. 238 – 224. mál.

kr. af liðnum 02-919-1.90 Söfn, ýmis framlög og 3 millj. kr. af fjárlagalið umhverfisráðun. 14-190-1.59 Náttúrusöfn.²

Á fjárlögum 2003 var fjárveiting óbreytt frá fyrra ári, eða 58 millj. kr. Árið 2004 var fjárveiting hækkuð um 8 millj. kr. eða í 66 millj. kr. Engin hækkun var á Safnasjóði milli ára, en 2005 var fjárveiting aftur 66 millj. kr. Árið 2006 var fjárveiting í Safnasjóð 83,7 millj. kr. og árið 2007 var fjárveiting í sjóðinn 84,6 millj. Hækkun milli ára var sem hér segir:

Fjárveitingar í Safnasjóð 2002-2007



Safnasjóður fékk eigin kennitölu á árinu 2004 skv. heimild frá menntamálaráðuneyti (dags. 2. júlí 2004). Kennitala Safnasjóðs er 700904-3340.

² Fjárlög 2002, bls. 262.

Starfsemi Safnaráðs 2007

Rekstur skrifstofu Safnaráðs 2007

Skrifstofa Safnaráðs var stofnsett með ráðningu starfsmanns Safnaráðs (síðar framkvæmdastjóra)³ 10. febrúar 2003. Skrifstofan var í fyrstu staðsett í þáverandi skrifstofuhúsnæði Þjóðminjasafns Íslands að Lyngási 7-9 í Garðabæ. Þegar endurnýjað húsnæði Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu var tekið í notkun flutti skrifstofa Safnaráðs þangað tímabundið, eða þar til safnstjóri Listasafns Íslands tók við formennsku í ráðinu 1. febrúar 2004. Skrifstofan hefur síðan þá verið staðsett á 3. hæð í skrifstofubyggingu Listasafns Íslands að Laufásvegi 12, 101 Reykjavík. Skv. þjónustusamningi við Listasafn Íslands leigir Safnaráð aðsetur og þjónustu (s.s. símapjónustu og nýtingu aðstöðu og aðbúnaðs Listasafns Íslands) fyrir skrifstofu ráðsins.

Skv. rekstraráætlun fyrir 2007 var gert ráð fyrir umsýslugjaldi v. starfsemi Safnaráðs kr. 9.400.000. Í umræddu gjaldi er allur rekstur skrifstofu Safnaráðs þar með talin leiga á aðstöðu og þjónustu í Listasafni Ísland, tölvubúnaður og hugbúnaður, launagreiðslur og launatengd gjöld vegna starfsmanns, nefndarlaun og ferðakostnaður vegna funda og starfsemi ráðsins, auglýsingakostnaður vegna Safnasjóðs, kostnaður vegna málþinga/ráðstefna og útgáfu Safnaráðs og annar ófyrirséður kostnaður. Þá eru innifaldar greiðslur nefndarlauna til fulltrúa hagsmunasamtaka í safnaráði, þ.e. fulltrúa Félags íslenskra safna og safnmanna og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndarlaun eru ákvörðuð af þóknananefnd menntamálaráðuneytis. Vegna síaukins umfangs skjalavinnslu í tengslum við starfsemi Safnaráðs var á árinu 2005 keypt Focal skjalakerfi hjá Hópvinnukerfum ehf til skjalavörslu. Kerfið er sambærilegt skjalakerfum Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands. Ríkisendurskoðun sér um endurskoðun ársreikninga Safnaráðs.

Framkvæmdastjóri, Rakel Halldórsdóttir, fór í barnsburðarleyfi í ágúst 2007 – febrúar 2008. Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir var starfandi framkvæmdastjóri í fjarveru framkvæmdastjóra.

Skilgreiningar

Skv. 4. gr. [safnalaga nr. 106/2001](#) er safn stofnun sem safnar, varðveitir, skrárir, rannsakar og miðlar, m.a. með sýningum, heimildum um menningu okkar og/eða náttúru. Á Íslandi er fjöldinn allur af stofnunum sem stunda a.m.k. hluta þeirra þátta sem skilgreindir eru sem safnastarf skv. 4. gr.

Þau hugtök sem 4. gr. nær til eru ekki skilgreind eða útskýrð nánar í lögum eða reglugerðum. Safnaráð hefur nokkuð fjallað um skýrgreiningu á hugtakinu „safn“.

Safn

Til að fá sem nákvæmasta yfirsýn yfir umfang safnastarfs í landinu hefur frkv.stj. safnað saman upplýsingum um menningarminja-, náttúruminja- og listastofnanir á sviði safnastarfs. Í heild hefur

³ Í samræmi við umfang og eðli starfsins var starfsheiti breytt í framkvæmdastjóri skv. ákvörðun Safnaráðs á fundi þann 18. september 2003.

skráin að geyma um 210 stofnanir á sviði safnastarfs á Íslandi og eru þá meðtalin söfn, safnvísar og setur (setur stunda suma, ekki alla þætti safnastarfs), sýningar (fyrst og fremst miðlun) og helstu félög á sviði safnastarfs (þ.m.t. Félag íslenskra safna og safnmanna, Íslandsdeild ICOM, alþjóðráðs safna og Félag íslenskra safnafræðinga).

Söfn á Íslandi eru um 60 talsins (ef „söfn innan safna“⁴ eru ekki talin sérstaklega), setur/safnvísar/sýningar og önnur safnastarfsemi telur um 180 einingar.

Hugtakanotkun:

Ólíkt því sem tíðkast erlendis (sbr. museum) hefur notkun íslenska hugtaksins safn vafist fyrir mönnum, þar sem um er að ræða hugtak sem bæði er notað yfir hinar eiginlegu stofnanir sem sinna öllum þáttum safnastarfs og einnig yfir samansafn hluta eða safnkostinn (sbr. collection). Í daglegu tali virðist almenningur nota hugtakið safn yfir flestalla starfsemi á safnasviði en til eru önnur hugtök sem eiga betur við um starfsemi þar sem ákveðnir þættir safnastarfs fara fram.

Hugtakið setur hefur náð nokkurri útbreiðslu yfir stofnanir er *sinna ákveðnum þáttum safnastarfs*, þá aðallega skráningu, upplýsingaöflun eða takmörkuðum rannsóknum og miðlun. Samskonar stofnanir hafa stundum verið nefndar safnvísar, þar sem óljóst er hvort umfang starfseminnar mun aukast yfir í það að innihalda alla þætti safnastarfs. Mörkin milli safns og seturs geta verið óljós en í slíkum tilfellum sker faglegt álit ráðsmanna í Safnaráði úr, en álitnið er byggt á greinargóðri þekkingu og samanburði á stofnunum.

Hugtakið sýning hefur verið notað yfir stofnanir þar sem fyrst og fremst er um að ræða miðlun.

Safnaráð hefur ekki gefið út formlega ályktun á fyrrgreindum hugtökum sem lýsa starfi mismunandi stofnana í safnastarfi að öðru leyti en því að stofnanir sem hlotið hafa styrki úr Safnasjóði eru taldar uppfylla skilyrði safnalaga að mati ráðsins og geta því með réttu kallast söfn. Mat ráðsins á því hvort safn uppfyllir skilyrði laganna um faglegt safnastarf byggir á þekkingu ráðsmanna á söfnunum, heimsóknum á söfnin og þeim ítarupplýsingum um starfsemina sem söfnin skila inn með umsókn.

Söfnun, varðveisla, rannsóknir, miðlun

Ekki hefur verið skilgreint opinberlega hvað hugtökin „söfnun“, „varðveisla“, „rannsóknir“ og „miðlun“ sbr. 4. gr. safnalaga, fela í sér. Í Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008 eru þessi hugtök skýrð að nokkru. Þar fyrir utan eru sérfræðiþekking ráðsmanna og framkvæmdastjóra og yfirsýn þessara aðila grunnur ákvarðana er varða skilgreiningar ofangreindra hugtaka.

Innlend og alþjóðleg aðild og samvinna

Félag íslenskra safna og safnmanna

Framkvæmastjóri Safnaráðs er aðili að Félagi íslenskra safna og safnmanna. Skv. upplýsingum á vefsíðu félagsins www.safnmenn.is eru markmið félagsins „... fernskonar og bundin í lög félagsins; að efla samstarf og kynni milli safna og safnmanna, fjalla um safnamál, auka þekkingu og fræðslu á söfnum og safnstörfum og annast samskipti við safnmenn og hliðstæð samtök erlendis. Í öðru lagi að leitast við að tryggja réttindi og hagsmuni félagsmanna. Í þriðja lagi að halda Farskóla safnmanna þar sem starfsmenn safna fái starfsfræðslu og endurmenntun. Og í fjórða lagi að gefa út fréttabréf. Þessum markmiðum er einnig reynt að ná með útgáfustarfsemi, fundahaldi, fyrirlesturum, námskeiðum og ferðalögum.“

Félag íslenskra safnafræðinga

Framkvæmastjóri Safnaráðs var einn stofnenda Félags íslenskra safnafræðinga, sem stofnsett var 24. nóvember 2005. Skv. lögum félagsins eru markmið þess: Að efla faglega vitund íslenskra

⁴ Á nokkrum stöðum á Íslandi eru nokkur söfn rekin saman sem ein eining. Eðlilegt er að líta á þessa starfsemi sem eitt, blandað safn. Í fyrri ársskýrslum safnaráðs voru þessi söfn talin sérstaklega, sem skýrir hærrí tölur viðurkenndra safna í þeim skýrslum.

safnafræðinga og skapa vettvang fyrir umræður og skoðanaskipti þeirra á milli. Að efla rannsóknir og kennslu í safnafræði á háskólastigi og kynna fræðigreininna meðal íslenskra safnmanna og almennings. Að gæta faglegra hagsmuna félagsmanna sinna og stuðla jafnframt að samvinnu við þá sem starfa við tengd störf á sófnum landsins. Að koma á og annast samskipti við sambærileg félög erlendis og fylgjast með straumum og stefnum innan fagsins. Að vera ráðgefandi aðili á sviði safnamála og veita umsagnir og álit í samræmi við starfssvið félagsins.

ICOM alþjóðaráð safna

Framkvæmastjóri Safnaráðs hefur verið aðili að ICOM, alþjóðaráði safna frá árinu 2004. ICOM eru alþjóðleg samtök safna og safnmanna og telja samtökin nær 110 aðildarlönd. Samtökin starfa bæði í þjóðdeildum og einnig í alþjóðlegum fagnefndum, sem nú eru um 25 talsins. ICOM er samstarfsaðili UNESCO á sviði safnamála og varðveislu menningarminja. Skrifstofa ICOM er staðsett í húsnæði UNESCO í París. Samtökin standa fyrir árlegum fundum ráðgjafanefndar sem í eiga sæti formenn þjóðdeilda og fagnefnda. Þriðja hvert ár er haldin allsherjarráðstefna þar sem á annað þúsund safnmenn koma saman.

Starfrækt er Íslandsdeild ICOM en formaður hennar er Lilja Árnadóttir, fagstjóri Munasafns Þjóðminjasafns Íslands. Íslandsdeildin hefur eigin vefsíðu: www.icom.is

European Museum Forum

Árið 2004 gerðist Safnaráð sem stofnun aðili að European Museum Forum (EMF). EMF eru óháð, ópólitísk samtök sem starfa undir vernd Evrópuráðsins (The Council of Europe). Hin 46 aðildarlönd Evrópuráðsins koma flestlín á einhvern hátt að starfsemi EMF. Allt starf aðildarfélaga í þágu samtakanna er unnið í sjálfböðavinnu. Samtökin standa fyrir árlegri samkeppni safna um Safn Evrópu (The European Museum of the Year Award). Veitt eru þrenn verðlaun í samkeppninni:

- Verðlaunin Safn Evrópu ársins (The European Museum of the Year Award).
- Verðlaun Evrópuráðsins (The Council of Europe Award) sem veitt eru til safns sem talið er hafa lagt eftirtektarvert framlag til aukins skilnings á menningararfleifð Evrópu.
- Micheletti verðlaunin (the Micheletti Award) sem eru bjartsýnisverðlaun til safns á sviði iðnaðar og/eða tækni.

Meginmarkmið EMF er að bæta starfsemi safna með því að ýta undir nýjar hugmyndir varðandi eftirfarandi hjá söfnum:

- Framsetningu og túlkun
- skipulag og stjórnun
- þætti sem hafa áhrif á upplifun safngesta
- stækkun og breikkun gestaflóru
- nýtingu fjármagns á skapandi hátt

Framkvæmdstjóri Safnaráðs gerðist tengiliður EMF á Íslandi (National Correspondent) í desember 2005. Hlutverk tengiliðar EMF felst fyrst og fremst í því að tilkynna EMF um mikilvæga þróun safnamála á Íslandi. Jafnframt skal tengiliður aðstoða dómnefnd European Museum of the Year Award við dómnefndarstörf á Íslandi í tengslum við tilnefnd söfn til samkeppninnar. Einnig skal tengiliður kynna starfsemi EMF og EMYA eftir því sem við á í sínu heimalandi.

Minjasafn Reykjavíkur – Landnámssýningin 871 +/-2 tilnefnd til evrópsku safnaverðlaunanna 2008

Minjasafn Reykjavíkur, Landnámssýningin 871 +/-2 tilnefnd til evrópsku safnaverðlaunanna 2008 af Safnaráði á fundi ráðsins þann 18. janúar 2007. Ástæða tilnefningar var glæsileg ný viðbót safnsins,



Landnámssýningin 871 +/- 2. Var þetta í þriðja sinn sem Safnaráð tilnefnir safn til samkeppninnar, en Síldarminjasafnið var tilnefnt til keppninnar árið 2004, fyrst íslenskra safna. Hlaut Síldarminjasafnið Micheletti verðlaunin, sem veitt eru safni á sviði iðnaðar- og/eða tækni, það ár. Þjóðminjasafn Íslands var tilnefnt til keppninnar 2006 og fékk sérstaka


Landnámssýningin 871 +/-2. Mynd: Minjasafn Reykjavíkur.

viðurkenningu (a special commendation) Evrópuráðs safna það ár.
Fulltrúar Evrópuráðs safna, Ann Nicholls og Aleid Rensen-Oosting, heimsóttu Ísland til að meta Þjóðminjasafnið í ágúst 2007, en hinn 7. ágúst tóku dómnefndarfulltrúarnir safnið út, skoðuðu og kynntu sér sýningar, aðstöðu og starfsemi og áttu þess kost að hitta starfsmenn að máli.

Fjórútiú þúsund söfnum víðsvegar í Evrópu stendur til boða þátttaka í þessari virtu keppni ár hvert. Er hefðin sú að um 60% (yfirleitt um 50 söfn) þeirra safna sem tilnefningu hljóta á ári hverju er boðin áframhaldandi þátttaka skv. mati dómnefndar. Skilyrði fyrir þátttöku eru að um sé að ræða nýtt safn, sem opnað var almenningi á sl. tveimur árum, eða að um sé að ræða safn þar sem á sl. tveimur árum hefur farið fram umfangsmikil endurhönnun, endurskipulagning eða breytingar á starfsemi eða aðstöðu. Þjóðminjasafn Íslands hlaut, eitt þriggja safna, sérstaka viðurkenningu í samkeppni Evrópuráðs safna um safn Evrópu árið 2006. 34 söfn kepptu til úrslita á hátíðlegri athöfn í Lissabon þann 14. maí 2006 þar sem drottning Belgíu kynnti úrslitin. Þau þrjú söfn sem hlutu sérstakar viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur skipa saman 2.-4. sæti í keppninni. Þessir vinningshafar eru Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn í Árósum og Náttúrsafn í Austurríki. Á viðurkenningarskjali sem Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, tók við segir m.a. að Evrópuráð safna votti Þjóðminjasafni Íslands virðingu sína fyrir framúrskarandi árangur og að því sé mikil ánægja að veita því viðurkenningu (permanent record of esteem).

Nýtt lógó safnaráðs

Á árinu 2007 tók Safnaráð í notkun nýtt lógó, hannað af Hildigunni Gunnarsdóttur, hönnuði.



Nýja lógóið þýðir bréfsfni og annað efni frá Safnaráði.

Málstofa Safnaráðs með Erni Hrafnkelssyni – Samvinna bóka-, minja- og skjalasafna

Safnaráð stóð fyrir málstofu í hádeginu miðvikudaginn 10. janúar 2007 kl. 12-13, í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands.

Málstofan bar yfirheitið Samvinna bóka-, minja og skjalasafna, en er það heiti meistaraverkefnis Arnar Hrafnkelssonar í opinberri stjórnsýslu. Stefnyfirlýsingar stjórnvalda, bæði hér á landi og erlendis, benda til þess að bóka-, minja- og skjalasófn eigi að taka upp meiri samvinnu sín á milli. Í rannsókn sinni skoðar Örn á hverju samvinna safna er grundvölluð og með hvaða hætti skuli staðið að henni svo hún sé líkleg til að skila árangri. Samvinna bóka-, minja- og skjalasafn er skoðuð út frá kenningum um skipulagsheldir og stefnumótun. Til að geta sér til um hvernig mætti standa að samvinnu safna hér á landi er tekin til athugunar ensk stofnun – Museums, Libraries and Archives Council (MLA) – og greint hvernig staðið er að stefnumótun og uppbyggingu hennar.

Örn kynnti niðurstöður verkefnisins og svaraði spurningum á málstofunni.

Örn Hrafnkelsson er forstöðumaður handritadeilda Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Örn lauk MPA prófi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands í október 2006 og MA prófi í sagnfræði frá sama skóla 1998.

Málstofan var opin öllum - enginn aðgangseyrir.

Erindi Arnar er aðgengilegt á vefsíðu Safnaráðs www.safnarad.is

Málþing Safnaráðs um rafrænt aðgengi að menningararf og náttúruminum

Safnaráð stóð fyrir málþingi um rafrænt aðgengi að menningararf og náttúruminum 14. mars 2007 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands.

Dagana 15. og 16. mars stóð Félag íslenskra safna og safnmanna fyrir endurmenntunarnámskeiði um skráningu safngripa. Voru viðburðirnir tveir skipulagðir í röð þar sem efni þeirra tengdist og til að auðvelda safnmönnum utan af landi að sækja báða viðburðina.

Á málþinginu var fjallað um tilgang og mikilvægi almenns aðgengis að rafrænum upplýsingum um menningararf og náttúruminjar.

Fulltrúi frá Kulturarvsstyrelsen í Kaupmannahöfn fjallaði um rafrænt aðgengi að menningararf í Danmörku, stöðu og stefnu og svaraði spurningum í framhaldi.

Þá tóku við íslenskir frummælendur, frá stjórnkerfinu og stofnunum, sem fjölluðu um stefnu íslenskra stjórnvalda hvað varðar rafrænt aðgengi að menningararf og náttúruminum, tilgang og mikilvægi almenns aðgengis að upplýsingum um menningararf og náttúruminjar, verkefni sem voru í gangi á þessu sviði og æskilega þróun þeirra og fleira. Jafnframt fjallaði fulltrúi Myndstefs um stefnumörkun Myndstefs með tilliti til almenns aðgengis að myndrænu efni og fulltrúi Gagarin um leiðir til að gera kynningu menningararfs og náttúruminja í rafrænu umhverfi áhugaverða. Í lokin voru pallborðsumræður með íslenskum frummælendum.

Málþingið var opið öllum og enginn aðgangseyrir.
Dagskrá málþingsins:

12:30– 12:35	Setning málþings: Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður. Fundarstjóri: Ragnheiður H. Þórarinsdóttir , sérfræðingur hjá lista- og safnadeild menntamálaráðuneytis.
12:35 – 13:15	Eske Wohlfahrt , sérfræðingur hjá skráningardeild Kulturarvstyrelsen í Kaupmannahöfn. Rafrænt aðgengi að menningararfi í Danmörku – staða og stefna (Digitalisering af danske museer).
13:15 – 13:30	Spurningar og umræður.
<i>13:30 – 13:40</i>	<i>Hlé</i>
13:40 – 14:00	Eiríkur Þorláksson , sérfræðingur hjá lista- og safnadeild menntamálaráðuneytis. Rafrænt aðgengi að menningararfi og náttúruminum: Stefna, staða og framtíðarkostir.
14:00 – 14:20	Björn Bjarnason , dóms- og kirkjumálaráðherra og formaður Þingvallanefndar. Rafrænt aðgengi að menningararfi - Fræðslumiðstöð Þingvallanefndar.
14:20 – 14:40	Örn Hrafnkelsson , forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Tilgangur og mikilvægi almenns aðgengis að rafrænum upplýsingum um menningararfinn og verkefni á því sviði.
14:40 – 15:00	Guðmundur Guðmundsson , forstöðumaður safna- og flokkunarfræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands. Tilgangur og mikilvægi almenns aðgengis að rafrænum upplýsingum um náttúruminjar.
15:00 – 15:20	<i>Kaffihlé (Safnaráð býður upp á kaffi og meðlæti).</i>
15:20 – 15:40	Frosti Jóhannsson , framkvæmdastjóri rekstrarfélagsins SARPS. Rafrænt aðgengi að menningararfi – hvað þarf til að bjóða upp á aðgengi fyrir alla.
15:40 – 16:00	Knútur Bruun , formaður Myndstefs. Stefnumörkun Myndstefs með tilliti til aðgengis almennings að myndrænu efni.
16:00 – 16:20	Guðný Káradóttir , framkvæmdastjóri Gagarín . Leiðir til að gera kynningu menningararfs og náttúruminja í rafrænu umhverfi áhugaverða.
16:20 – 16:50	Pallborðsumræður undir stjórn Ragnheiðar H. Þórarinsdóttur , með íslenskum frummælendum.
16:50/17:00	Fundarslit: Rakel Halldórsdóttir , framkvæmdastjóri Safnaráðs.

Erindi málþingsins eru aðgengileg á vefsíðu Safnaráðs www.safnarad.is

Íslenski safnadagurinn

Árið 2007 sá skrifstofa Safnaráðs um framkvæmd kynningar á Íslenska safnadeginum í þriðja sinn.

Íslenski safnadagurinn var fyrst haldinn 1997, að frumkvæði Íslandsdeildar ICOM, alþjóðaráðs safna. Kynning dagsins var til margra ára í umsjá Íslandsdeildar ICOM, Íslenski safnadagurinn er annar sunnudagur í júlí ár hvert.

Markmið Íslenska safnadagsins

Markmið með Íslenska safnadeginum er að vekja fólk til vitundar um mikilvægi faglegrar varðveislu og miðlunar hinna sameiginlegu verðmæta þjóðarinnar og jafnframt um þá einstöku leið til lifandi þekkingaröflunar og afþreyingar fyrir alla, sem stofnanir í safnastarfi ástunda.

Dagskrá Íslenska safnadagsins

Söfn eru árlega hvött til að halda daginn hátiðlegan á einn eða annan hátt í dagskrá sinni. Sl. ár hefur slagorð dagsins verið "fyrir fjölskylduna" og söfn hvött til að bjóða upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna í tilefni dagsins. Flestöll söfn bjóða jafnframt upp á ókeypis aðgang í tilefni dagsins. Íslandsdeild ICOM sá til margra ára um framkvæmd á kynningu dagskrár Íslenska safnadagsins. Undirbúningsnefnd Íslenska safnadagsins, sem í sitja, ásamt frkv.stj. Safnaráðs, fulltrúar höfuðsafna (Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og Náttúruminjasafns Íslands), Íslandsdeildar ICOM og Félags íslenskra safna og safnmanna, sér um að ákvarða útfærslu á kynningu og skrifstofa Safnaráðs sér um frekari framkvæmd.

Auglýsing í Morgunblaðinu

Heföin er sú að stór sameiginleg auglýsing safna er birt í Morgunblaðinu daginn fyrir Íslenska safnadaginn, þar sem dagskrá safnadagsins er kynnt og athygli vakin á blómlegri starfsemi á þessu sviði.

Íslenski safnadagurinn 2007 var kynntur með umfjöllum í fjölmiðlum (útvarpi, sjónvarpi og prentmiðlum).

Fjallamjólk Kjarvals, Húsaljód Birgis Andréssonar, Veðurfar Guðrúnar Kristjánsdóttur og Dagrennigu við Hornbjarg eftir Jón Stefánsson.

Listasafn Einars Jónssonar

Eiríksgötu og Freyjugötu, 101 Reykjavík

Opið kl. 14-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Listasafn Íslands

Frikkirkjuvegi 7, 101 Reykjavík

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur alla daga.

COBRA REYKJAVÍK: Sýningin er sett saman í tilefni þess að á næsta ári eru liðin 60 ár síðan alþjóðlegi listamannahópurinn CoBra var stofnaður. Lögð er áhersla á samskipti þeirra Svavars Guðnasonar og Halldórs Laxness við CoBra félagana í Danmörku. SVAVAR GUÐNASON Í LISTASAFNI ÍSLANDS. Kl. 14.00: LEIÐSÖGN um sýningarnar í fylgd Halldórs Björns Runólfssonar safnstjóra. Síðasti sýningardagur. Opið í Safnbúð og Kaffitár á kaffistofu. Verið velkomin!

Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn

Hamraborg 4, 200 Kópavogur

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Afmælissýning UMFÍ. Sýning í tilefni 100 ára afmælis Ungmennafélags Íslands

Listasafn Reykjavíkur - Ásmundarsafn

við Sigtún, 105 Reykjavík

Opið kl. 10 - 16

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

LOGUN LÍNUNNAR - Einstakur þverskurður af abstraktverkum Ásmundar Sveinssonar.

ÞJÓÐSÖGUR-MUNNMÆLASÖGUR - Myndskreyttar þjóðsögur úr munnlegri geymd. Hægt að hlýða á sögurnar úr gjaldfrjálsu gsm númeri.

Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús

Tryggvagata 17, 101 Reykjavík

Opið kl. 10-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Leiðsögn kl. 15 MY OZ - RONI HORN - Fyrsta, stóra sýning þessa merka listamanns og Íslandsvinar á Norðurlöndum. ERRÓSAFNIÐ - Til sýnis eru nokkur lykilverka Errós. D4 - DANÍEL BJÖRNSSON - Fjórða sýningin helguð ungum listamönnum sem hafa markað spor sín í íslenskt myndlistarsamfélag.

Listasafn Reykjavíkur - Kjarvalsstaðir

Flókagötu, 105 Reykjavík

Opið kl. 10-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Leiðsögn kl. 15 MAGMA/KVIKA - Yfir 80 íslenskir hönnuðir sýna íslenska samtímahönnun eins og hún gerist best í dag. KVEIKJA - Norðursalur er listasmiðja sem helgaður er skapandi fólki á öllum aldri. K-ÞÁTTURINN - Sýning á verkum Kjarvals með áherslu á nýja sýn á verk hins mæta listamanns.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Laugarnestanga 70, 105 Reykjavík

Opið kl. 14-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Klukkan 15 er leiðsögn sérstaklega ætluð fjölskyldufólki um sýninguna www.iso.is.

Grunnskólanemar völdu verk á sýninguna af netsíðu safnsins.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15, 6.hæð, 101 Reykjavík

Opið kl. 13-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

AUTOMATOS - Olaf Otto Becker - Páll Stefánsson - Rax. Erla Stefánsdóttir sýnir í Skotinu

Minjasafn Reykjavíkur - Árbæjarsafn

Kistuhyl, 110 Reykjavík

Opið kl. 10-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Íþróttir og leikir í tengslum við sýninguna Heil öld til heilla. Saga ÍR í 100 ár.

Landnámssýningin Reykjavík 871+/-2

Aðalstræti 16, 101 Reykjavík

Opið kl. 10-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Leiðsagnir um sýninguna klukkan 13 og 15.

Náttúrufræðistofa Kópavogs

Safnahúsinu Hamraborg 6a, við hlið Gerðarsafns og Salarins

Opið kl. 13-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Leiðsögn um safnið kl. 14. Kynning á kúlskit kl. 15. Plöntuskoðun á Borgarholti kl. 16.

Náttúrugripasafn Íslands

Hlemmi 5, gengið inn frá Hverfisgötu gegnt Lögreglustöðinni

Opið kl. 13-17

Ókeypis aðgangur alla daga.

Í safninu er reynt að gefa gestum yfirlit yfir fegurð og fjöbreytni í náttúru landsins, myndunarsögu þess og lífríki. Þar má sjá uppstoppuð dýr, plöntur, steingervinga, helstu bergtegundir, steindir og holufyllingar.

Safnið við sjóinn, Víkin-Sjóminjasafnið í Reykjavík

Grandagarði 8, 101 Reykjavík

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Kl. 13-15: Gestum kennd netahnýting. Kl. 14.30: Sigrún Magnúsdóttir með leiðsögn um Togarasýningu safnsins. Kl. 15.30: Sigrún Magnúsdóttir með leiðsögn um BÚR-sýningu safnsins.

Heitt á könnunni og kex í skál.

Þjóðminjasafn Íslands

v. Suðurgötu, 101 Reykjavík

Opið kl. 10-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Myndasalur: Auga gestsins. Veggur: Send í sveit. Rannsóknasýning í Forsal: Ný aðföng. Bogasalur: Leiðin á milli. Þjóð verður til - Menning og samfélag í 1200 ár: Grunnasýning Þjóðminjasafnsins á 2. og 3.hæð – leiðsögn um grunnasýninguna á ensku kl. 11, á íslensku kl. 14. Opið á kaffistofu Kaffitárs og í safnbúð. Verið velkomin.

VESTURLAND OG VESTFIRÐIR

Búvélasafnið á Hvanneyri í Borgarfirði

Opið kl. 12-17

Ókeypis aðgangur en frjáls framlög þegin.

Frætt um gamlan og nýjan búskap á Hvanneyri og í nágrenni. Ullarselið opið og hressing í Kollubúð. Órstutt er í Veiðiminjasafnið í Ferjukoti.

Byggðasafn Borgarfjarðar, Sýningin um Pourquoi-pas? slysið 1936

sýningin er í Englendingavík í gamla miðbæ Borgarness

Opið kl. 13-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Byggðasafn Vestfjarða

Neðstakaupstað, Ísafirði

Opið kl. 10-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Karlamir þrír í bæjunum þremur, Ísafirði, Seyðisfirði og Siglufirði vilja fá alla í heimsókn. Karlinn í turninum er á Ísafirði. Verðlaun fyrir þau börn sem geta rétt í spurningarkeppni Karlsins í turninum sem verður á Byggðasafni Vestfjarða.

Minjasafn og Flugminjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti

Örlygshöfn, 451 Patreksfjörður

Opið kl. 10-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Guðsþjónusta í Sauðlauksdalskirkju og messukaffi í Minjasafninu á Hnjóti eftir athöfn. Þar verður dagskrá um árabáta og mikilvægi þeirra í atvinnusögu landsins. Bjarni Jónsson listmálari og Margrét Gunnlaugsdóttir þjóðfræðingur segja frá smíði bátsins Örlygs sem smíðaður var fyrir safnið á Hnjóti.

Norska húsið í Stykkishólmi

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Heldra heimili í Stykkishólmi, Af norskum rötum, opin safnageymsla, gamaldags krambúð, leikir fyrir börn og fullorðna.

Safnasvæðið á Akranesi

Görðum, Akranesi

Opið kl. 10-17

Ókeypis aðgangur á Safnasvæðið á Íslenska safnadaginn.

Opið inn á allar sýningar safnasvæðisins sem eru Byggðasafn, Íþróttasafn Íslands, Steinaríki Íslands, safn Landmælinga Íslands og húsin Garðahús og Neðri-Sýrupartur ásamt útisvæði safnsins. Í Garðakaffi er hægt að gæða sér á þjóðlegum réttum eftir safnaskoðun.

NORÐURLAND

Bóka og byggðasafn N.Pingeyinga

v/ Snartarstaði, 671 Kópasker

Opið kl. 13-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna

Reykjum, Hrutafirði

Opið kl. 10-19

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Lesnar verða ýmis konar þjóðsögur frá svæðinu í kringum Húnaflóa kl.13, 15 og 17. Leiðsögn um Ófeigsskála, þar sem hákarlaveiðum eru gerar skil í máli og myndum, verður kl. 14, 16 og 18. Hákarlaskipið Ófeigur er eina varðveitta hákarlaveiðiskipið á landinu.

Byggðasafnið Hvoll , Dalvík

Opið kl. 11-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Hver var Jóhann Svarfdælingur? Óskar Þór Halldórsson fjallar um Jóhann Kr. Pétursson sem var um tíma hæsti maður í heimi.

Heimilisiðnaðarsafnið - Textile museum

Árbraut 29, 540 Blönduósi.

Safnið er staðsett örskammt frá gamla Kvinnaskólanum á Blönduósi, við ósa Blöndu.

Opið kl. 10-17

Alltaf er ókeypis fyrir börn 16 ára og yngri. Á Safnadaginn verður boðið uppá kaffi og kleinur sem verður innifalið í aðgangseyri.

Frá kl. 16:00 munu konur sýna ýmiss konar útsaum, þá verður unnið með ull (tekið ofan af, kembt, spunnið og þrjónað, einnig heklað, gimbað, knipplað og slegið í vef).

Safnahúsið á Húsavík

Stóragarði 17, 640 Húsavík

Opið kl. 10-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Byggðasafnið Grenjaðarstað

Aðaldal, 641 Húsavík

Opið kl. 10-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Samgönguminjasafnið Ystafelli

Ystafelli 3, 641 Húsavík

Opið kl. 10-20

Ókeypis fyrir yngri en 12 ára.

Heitt á könnunni. Nýir sýningargripir - aukið sýningarrými.

Sildarminjasafn Íslands á Siglufirði

Opið kl. 10-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Karlarnir þrír í bæjunum þremur, Siglufirði, Ísafirði og Seyðisfirði vilja fá alla í heimsókn. Karlinn í tunnunni er á Siglufirði. Svótil dagskrá á Róaldsplaninu fyrir börn kl. 14 – Hvað er í tunnunni?, reiptog, tunnugangur, sildarsmakk ofl.

AKUREYRI

Flugsafn Íslands

Akureyrarflugvelli, Akureyri

Opið kl. 10-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Safngripir: Flugvélar, fornbílar, mótorhjól. Flugsaga Ísl. myndum og texta. Flugsýningar.

Minjasafnið á Akureyri

Aðalstræti 58, Akureyri

Opið kl. 10-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

kl. 11: Messa í kirkjutóftinni í hinum forna kaupstað á Gásum. Kl. 14: Gönguferð um Nonnaslóð með leiðsögn, gengið frá Nonnahúsi. Kl. 14: Opnun sýningar í syðsta bæjarhúsinu í Hrísey.

Gamli bærinn í Laufási

Grýtubakkahreppi, 601 Akureyri

Opið kl. 9-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Inger Jensen vinnur með ull.

AUSTURLAND

Meningarmiðstöð Hornafjarðar, Byggðasafnið á Höfn

Gömlubúð við Hafnarbraut, Höfn.

Opið kl. 9-18

Ókeypis aðgangur alla daga.

Minjasafn Austurlands

Laufskógum 1, 700 Egilsstöðum

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Kleinukeppni og lifandi tónlist.

Minjasafnið Bustarfelli

Hofsárdal inn af Vopnafjarðarkauptúni

Oið kl. 14-17

Gjald fyrir fullorðna 400 kr., ókeypis fyrir börn yngri en 12 ára.

Sýnd gömul vinnubrögð, sláttur, járnsmíði og fleira. Hjáleigan Café opinn.

Safnahúsið í Neskaupstað

Egilsbraut 2, 740 Neskaupstað

Opið kl. 13-17, utan þess tíma eftir samkomulagi við forstöðumann.

Ókeypis fyrir börn og eldri borgara.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað. Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar.

Tryggvasafn - Málverkasafn Tryggva Ólafssonar.

Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði

Spítalaskampi við Hæðargerði, 730 Reyðarfirði

Opið kl. 13-18, utan þess tíma eftir samkomulagi við forstöðumann.

Ókeypis fyrir börn og eldri borgara.

Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði

Strandgötu 39b, 735 Eskifirði

Opið kl. 13-17, utan þess tíma eftir samkomulagi við forstöðumann.

Ókeypis fyrir börn og eldri borgara.

Tæknimínjasafn Austurlands, Seyðisfirði

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Karlarnir þrír í bæjunum þremur, Seyðisfirði, Siglufirði og Ísafirði, vilja fá alla í heimsókn. Karlinn í tunglinu er á Seyðisfirði. Öll börn sem taka þátt í spurningaleik dagsins fá póstkort frá Karlinum í tunglinu. Dregið verður úr réttum lausnum og verðlaun veitt.

darsmakk ofl.

SUÐURLAND

Byggðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka

Opið kl. 11-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Tónlistardagskrá í stásstofu Hússins kl. 14-16

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Túngötu 59, Eyrarbakka

Opið kl. 11-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Söguganga um Eyrarbakka kl. 13:30.

Rjómabúíð á Bausstöðum

Opið kl. 13-18

Aðgangseyrir.

Þuríðarbuð á Stokkseyri

sjóbúðin er opin allan sólarhringinn

Ókeypis aðgangur.

Listasafn Árnesinga,

Austurmörk 21, Hveragerði

Opið kl. 12-18

Ókeypis aðgangur alla daga.

Sýningin AÐ FLYJA FJÖLL, Ásgrímur Jónsson og átta yngri myndlistarmenn. Brynhildur Þorgeirsdóttir, myndlistarmaður og þátttakandi í sýningunni verður með leiðsögn kl. 15

Veiðisafnið, Stokkseyri

Opið kl. 11-18

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Safnaleiðsögn - Íslenskar haglabýssur - Veiðidýr í Afríku - Íslenskir veiðimenn - Refaveiðar.

Skógasafn,

Skógum undir Eyjafjöllum

Opið kl. 9-18:30

Ókeypis aðgangur fyrir börn yngri en 18 ára, eldri borgara og öryrkja á Íslenska safnadaginn

Í smíðju safnsins verða þrjár kynslóðir eldsmiða að störfum. Spunnið verður á hefðbundinn íslenskan rokk og einnig sýndur spuni á rafknúinn rokk sem Einar Sverrisson bóndi í Myrdal smíðaði 1937. Þjóðlegar veitingar í boði í kaffistofu safnsins.

Byggðasafn Vestmannaeyja, Safnahúsi við Ráðhúströð

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Saga Vestmannaeyja til sjós og lands í gegnum tíðina.

Landlyst á Skanssvæðinu, Vestmannaeyjum.

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Elsta hús eyjanna með sýningu tengda læknum og ljósmæðrum og sögu Ginklofans í Vestmannaeyjum.

Fiska- og Nátturugripasafn Vestmannaeyja

Heiðarvegi 12, Vestmannaeyjum

Opið kl. 11-17

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

REYKJANES

Byggðasafn Garðskaga

Skagabraut 100 Garðskaga (við Garðskagavita)

Opið kl. 13-17

Ókeypis aðgangur alla daga.

Leiðsögn um safnið. Safnið skiptist þannig: Lifið í landi... Sveitastörf, heimilishald. Samfélagið í landi... Verkstæði iðnaðarmanna, kirkja, skóli, verslun, kontór, póstur og sími, íþróttir og félagsstarf, mynda og skjalasafn. Fast þeir sóttu sjöinn... Bátar, vélar, líkón, veiðarfæri, siglingatæki og annað sem tilheyrir siglingum, sjósókn og verkun sjávaraflla.

Byggðasafn Reykjanesbæjar

Duusgata 2-8, 230 Reykjanesbær

Opið kl. 13-17:30

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Sýning Poppminjafns Íslands Vagg og velta, rokkárin á Íslandi.

Listasafn Reykjanesbæjar

Duusgata 2-8, 230 Reykjanesbær

Opið kl. 13-17:30

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Ásgrímur Jónsson, Húsafellsmyndir o.fl. málverk. Sýningin kemur frá Listasafni Íslands.

Sýningin Bátafloði Gríms Karlssonar í Duushúsum

Duusgötu 2-8, 230 Reykjanesbæ

Opið kl. 13-17:30

Ókeypis aðgangur á Íslenska safnadaginn.

Tæplega 90 líkón af bátum úr flota landsmanna ásamt myndum og munum úr sjávarútvegssögu þjóðarinnar.

Vefsíða Safnaráðs

Framkvæmdastjóri Safnaráðs er jafnframt umsjónarmaður og ritstjóri vefsíðu ráðsins.

Framkvæmdastjóri hannaði og opnaði vefsíðu fyrir ráðið í maímánuði 2003, en vefsíðan var þá unnin í FrontPage vefsíðugerðarforriti. Í október 2005 gerði Safnaráð samning við EC-hugbúnað um hýsingu og útfærslu vefsíðu Safnaráðs í EC-web vefumsjónarkerfi. Á árinu 2007 var tekið í notkun nýtt útlit vefsíðu Safnaráðs, í samræmi við nýtt lógó ráðsins á árinu. Grafískur hönnður útlits vefsins er sá sami og lógós Safnaráðs, Hildigunnur Gunnarsdóttir, hönnuður.

Vefsíðan hefur slóðina www.safnarad.is. Á vefsíðu ráðsins eru allar upplýsingar um ráðið og starfsemi þess, en einnig er þar að finna leiðbeiningar og fróðleik um hina ýmsu þætti safnastarfs.

The screenshot shows the website for Safnaráð (The Museum Council of Iceland). At the top right, the logo 'safnaráð' is displayed above 'the museum council of iceland' and contact information: laufásvegi 12, 101 reykjavík, sími. 515 9605, fax. 515 9601, and email safnarad@safnarad.is. Below this is a horizontal line. On the left, there is a navigation menu with links in English and Icelandic: ENGLISH, FORSÍÐA, HVAD ER SAFNARÁÐ, LÖG OG REGLUR, FUNDIR SAFNARÁÐS, SAFNASJÓÐUR, STARFSEMI SAFNARÁÐS, ÍSLENSK SAFNASTARFSEMI, LEIÐBEININGAR OG FRÓÐLEIKUR, ÚTFLUTNINGUR, MENNINGAVERÐMÆTA, TENGLAR, LEITARVÉL (with a search box containing 'finna'), AÐGENGI (with social media icons), and VEFTRÉ. In the center, a map of Iceland is titled 'SMELTU Á LANDSHLUTA' and shows regional labels: VESTFIRDIR, AKUREYRI NORÐURLAND, VESTURLAND, AUSTURLAND, REYKJAVÍK, REYKJANES, and SUÐURLAND. Below the map is the text: 'Skrár yfir söfn, setur, sýningar og aðra safnastarfsemi á sviði menningarmínja, náttúrumínja og lista á Íslandi.' On the right, under the heading 'NÝTT / GAGNLEGT', there are three news items: 'Styrkveitingar úr safnasjóði', 'Erindi á málþingi Safnaráðs um rafrænt aðgengi að menningararfi og náttúruminum 14. mars 2007', 'Djómínjasafn Íslands hlýtur viðurkenningu Sjálfsbjargar fyrir gott aðgegi', 'Mínjasafn Reykjavíkur hlýtur NODEM verðlaunin 2008', 'Mínjasafn Reykjavíkur hlýtur Íslensku safnaverðlaunin 2008', 'Djómínjasafn Íslands hlýtur sérstaka viðurkenningu Evrópuráðs safna', and 'Safnastefna á sviði þjóðmínjavörslu fyrir árin 2003-2008'.

Á árinu 2007 hóf framkvæmdastjóri undirbúning að gerð nýrrar vefsíðu á vegum Safnaráðs, safnastarf.is. Miðað er að því að sú vefsíða verði sameiginlegur vettvangur safna til kynningar á starfsemi sinni. Um er að ræða lista yfir söfn, setur og sýningar (skilgreint eftir því sem við á) í landinu þar sem hver safnstofnun hefur sína kynningarsíðu. Safnstofnanirnar uppfæra upplýsingar á eigin síðu sjálfar með notendanafni og aðgangsorði. Hugmyndin af vefsíðunni vaknaði í kjölfar umræðna á Farskóla safnmanna 2006, þar sem rætt var um vöntun á traustum, sameiginlegum kynningarvettvangi fyrir safnastarf í landinu.

Útgáfa Safnaráðs 2007

Safnaráð gaf út (í vefútgáfu) Skýrsluna Fræðsla fyrir alla, menntunarhlutverk safna – staða og stefna (1. hluti) og Fræðsla fyrir alla, menntunarhlutverk safna – niðurstöður könnunar (2. hluti), sem unnin var af safnmönnum alls staðar af landinu á samráðsfundi Safnaráðs 2006 um menntunarhlutverk safna.



Safnastarf 2007

Þættir í íslensku safnastarfi 2007:

- Náttúruminjasafn Íslands var stofnað skv. lögum nr. 35/2007 þann 27. mars 2007.
- Minjasafn Reykjavíkur var tilnefnt af Safnaráði til verðlauna Evrópuráðs safna (European Museum Forum) um safn Evrópu 2008 (European Museum of the Year Award 2008).
- Farskóli safnmanna var haldinn 18. – 21. september, en farskólinn fór í fyrsta sinn fram erlendis, í Glasgow og Edinborg, Skotlandi.

- Endurmenntunarnámskeið Félags íslenskra safna og safnmanna í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands fór fram 15. og 16. mars 2007 og bar heitið Skráning safngripa: Mikilvæg undirstaða safnastarfs.
- Íslenski safnadagurinn var sunnudaginn 8. júlí 2007 með tilheyrandi dagskrá safna um landið.
- Safnaráð gaf út (í vefútgáfu) Skýrsluna Fræðsla fyrir alla, menntunarhlutverk safna – staða og stefna (1. hluti) og Fræðsla fyrir alla, menntunarhlutverk safna – niðurstöður könnunar (2. hluti), sem unnin var af safnmönnum alls staðar af landinu á samráðsfundi Safnaráðs 2006.
- Málstofa Safnaráðs með Erni Hrafnelssyni, Samvinna bóka-, minja- og skjalasafna, 10. janúar 2007, í Þjóðminjasafni Íslands.
- Málþing Safnaráðs um rafrænt aðgengi að menningararfi og náttúruminum, 14. mars 2007, í Þjóðminjasafni Íslands.

Menntun safnmanna

Stofnanir í safnastarfi sinna hinu tímabreka og vandasama starfi sem liggur að baki vinnslu heimilda, efnislegra og huglægra, frá vali að kynningu. Valið, söfnun, felur óhjákvæmilega í sér gildismat, val á því hvað skal varðveita og verja frá því að falla í tímans gin. Það er meðal annars sökum þessarar nauðsynar á gildismati sem mikilvægt er að á söfnum starfi fagfólk. Ábyrgðin er stór, því það sem er safnað myndar safnkost safnsins, þær heimildir sem varðveittar eru og miðlað til komandi kynslóða. Mikilvægt er að ekki einungis söfnun heldur meðferð safnkosts í heildina, varðveisla, forvarsla, rannsóknir og miðlun auk söfnunar, sé vandað og faglegt til að það beri árangur og að þeir sem koma að því starfi hafi til að bera fagþekkingu.

Menntun safnmanna hér á landi hefur hingað til oftast tengst viðfangsefni safnsins á einhvern hátt.

Skv. upplýsingum sem Safnaráð safnaði árið 2004 var menntun forstöðumanna 61 stofnunar í safnastarfi af hinum ýmsa toga, en enginn þeirra hafði lokið háskólagráðu með safnafræði sem aðalgrein. Nær helmingur þessa hóps forstöðumanna (30 aðilar) hafði menntun úr eftirfarandi greinum, sem tengjast viðfangsefnum safna:

Listasaga	4
Ljósmyndun	5
Myndlist	4
Sagnfræði	10
Þjóðfræði	4
Bókasafnsfræði	3
Samtals:	30

Safnafræði:

Safnafræði sem sérstök fræðigrein hefur verið kennd við um heim árabíl þó greinin sé nokkuð ný af nálinni. Þar til nýlega hefur ekki verið boðið upp á sérstakt nám í safnafræði hér á landi og hafa fáir Ísendingar hingað til leitað þessarar menntunar erlendis.

Safnafræði við Háskóla Íslands:

Á vefsíðu Háskóla Íslands fyrir safnafræði kemur fram að frá árinu 2001 hefur námskeið í safnafræði verið kennt innan mannfræði- og þjóðfræðiskorar við Háskóla Íslands. Haustið 2004 var kennsla í safnafræði aukin upp í 30 eininga fag (unnt að taka safnafræði sem aukafag til BA-prófs). Námið er samstarfsverkefni Félagsvísindadeildar og Heimspekideildar.⁵

Á árinu 2005 komu til tals hugmyndir um diplóma- eða meistaranám í safnafræði við Háskóla Íslands þessar hugmyndir voru þróaðar áfram og voru þær 2006 hittist starfshópur um uppbyggingu meistaranáms í safnafræði við Háskóla Íslands í fyrsta sinn. Starfshópurinn var skipaður af félagsvísindadeild Háskóla Íslands og á framkvæmdastjóri Safnaráðs sæti í honum fyrir hönd Safnaráðs. Frkv.stj. tók síðar við formennsku í starfshópnum. Helsta verkefni starfshópsins á árinu 2007 var fjármögnun námsins.

⁵ <http://www.hi.is/~terry/museology/>

Tengt sérnám:

Háskóli Íslands:

Haustið 2006 bauð Háskóli Íslands fyrst upp á meistaranám í Hagnýtri menningarmiðlun við Sagnfræði- og heimspekideild. Um námið segir á vefsíðu háskólans „Nám í hagnýtri menningarmiðlun er gagnlegur undirbúningur fyrir þá sem vilja leggja fyrir sig störf í menningargeiranum, t.d. á sviði menningarblaðamennsku, við sjónvarps- og útvarpsþáttaagerð, við auglýsingar og almannatengsl, við hvers kyns útgáfu, við menningartengda ferðaþjónustu, við sýningagerð og í tengslum við söfn og sýningarsali, sem og aðrar menningarstofnanir. Auk þessa er hagnýt menningarmiðlun hentug þjálfun fyrir fræðimenn sem vilja koma rannsóknum sínum á framfæri á fjölpættan hátt.“⁶

Kennaraháskóli Íslands:

Á árinu 2005 komu til tals hugmyndir um meistaranám í safnkennslu við Kennaraháskóla Íslands.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst:

Frá árinu 2004 hefur Viðskiptaháskólinn á Bifröst, viðskiptadeild, boðið upp á Meistaránám í menningar- og menntastjórnun, en námið fjallar um stofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni og kemur litillega inn á safnafræði.

Háskólinn á Hólum:

Háskólinn á Hólum hefur frá árinu 2004 boðið upp á nám sem kallast „Staðarverðir“. Markmiðið með náminu er skv. námskeiðslýsingu frá skólanum „... að mennta / þjálfra fólk til móttöku gesta á sögu- og menningarstöðum þjóðarinnar (Skálholt, Reykholt, Hólar, Gásir, osfrv.), í friðuðum húsum og á öðrum stöð þar sem menningarminjar er að finna, sem og á söfnum og sýningum sem byggjast á sögu og menningu (sbr. byggðasöfn, Njáluslóðir, Eiriksstaðir, galdrasýning, o.s.frv.).“

Safnasjóður 2007


Fjárveiting í Safnasjóð á fjárlögum 2007 var 84.600.000 kr. Alls sóttu 66 aðilar um styrki úr sjóðnum fyrir árið 2007. Sótt var um rekstrarstyrki að heildarupphæð 81.600.000 kr.⁷ og verkefnastyri að heildarupphæð 96.501.000 kr. Í heildina var því sótt um styrki að upphæð 178.101.000 kr.

Af 65 umsóknaraðilum hlutu 51 styrki samtals að upphæð 74.650.000 kr. Einungis var unnt að mæta 42% af þörf safna fyrir fé úr sjóðnum m.v. umsóknir.

⁶ http://www.hi.is/is/hugvisindasvid_deildir/sagnfraedi_og_heimspekideild/nam/hagnyt_menningarmidlun

⁷ Ekki var tilgreind upphæð þegar sótt var um rekstrarstyrk á umsóknareyðublaði. Heildarupphæðin er miðuð við 1,6 millj. kr. sem heill rekstrarstyrkur.

Hlutfall veittra styrkja úr Safnasjóði 2003-2007 af heildarupphæð umsókna



Styrkveitingar 2007 voru eftirfarandi:

Úthlutun úr Safnasjóði 2007			
<i>Samþykkt af Safnaráði á fundi 1. febrúar 2007.</i>			
Safn:	rekstrarst. 2007	verkefnast. 2007	Styrkir samtals:
Bóka- og byggðasafn N-Þing.	1.000.000 kr.	300.000 kr.	1.300.000 kr.
Byggðasafn Dalamanna		300.000 kr.	300.000 kr.
Byggðasafn Garðskaga	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Farskóli (Byggðasafn Hafnarfjarðar)		350.000 kr.	350.000 kr.
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftfell. Skógum	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Byggðasafn Skagfirðinga	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Byggðasafn Snæfellinga og Hn.d.	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Byggðasafn Vestfjarða	1.500.000 kr.	400.000 kr.	1.900.000 kr.
Byggðasafnið Hvoll, Dalvík	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	1.500.000 kr.		1.500.000 kr.
Flugsafn Íslands	1.000.000 kr.		1.000.000 kr.
Grasagarður Reykjavíkur		400.000 kr.	400.000 kr.
Hafnarborg	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Heimilisíðnaðarsafnið á Blönduósi	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Húsið - Byggðasafn Árnesinga	2.400.000 kr.	300.000 kr.	2.700.000 kr.
Húsið - Rjómabúið á Baugsstöðum		200.000 kr.	200.000 kr.
Húsið - Sjóminjasafnið á Eyrarbakka			0 kr.
Hvalamiðstöðin á Húsavík	1.600.000 kr.		1.600.000 kr.
Íðnaðarsafnið á Akureyri	1.000.000 kr.	200.000 kr.	1.200.000 kr.
Landbúnaðarsafn Íslands ses.		200.000 kr.	200.000 kr.
Landmælingar Íslands-skjalasafn-sögusyn.			0 kr.
Leikminjasafn Íslands	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Listasafn Árnesinga	1.600.000 kr.	200.000 kr.	1.800.000 kr.
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn	1.600.000 kr.	200.000 kr.	1.800.000 kr.
Listasafn Reykjanesbæjar	1.600.000 kr.	200.000 kr.	1.800.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar		300.000 kr.	300.000 kr.
Listasetrið Kirkjuhvoll, Akranesi			0 kr.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Menn.m.st. Hornafj. Byggðasafn A-Skaft.	2.400.000 kr.		2.400.000 kr.
Menningarmiðstöð Hornafjarðar - Héraðsskjalasafn			0 kr.
Menn.m.st. Hornafj. Náttúrugripasafn			0 kr.
Minjasafn Egils Ólafssonar	1.600.000 kr.		1.600.000 kr.

Minjasafn Reykjavíkur	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Minjasafnið á Akureyri	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Minjasafnið Burstarfell	600.000 kr.		600.000 kr.
Náttúru- og menningarsetrið Skálanes.			0 kr.
Náttúrufræðistofa Kópavogs	1.600.000 kr.	2.000.000 kr.	3.600.000 kr.
Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík - Náttúrugripasafnið í Bol.vík		300.000 kr.	300.000 kr.
Nýlistasafnið Safn		200.000 kr.	200.000 kr.
Safn			0 kr.
Safnahús Borg.fj. Byggðasafn Borgarfj.	1.500.000 kr.		1.500.000 kr.
Safnahús Vestm.e. Byggðasafn Vestm.e.	1.600.000 kr.	200.000 kr.	1.800.000 kr.
Safnahús Vestm.e. Listasafn Vestm.e.			0 kr.
Safnahús Vestm.e. Ljósmyndasafn			0 kr.
Safnahúsið á Egilst. Minjasafn Austurlands	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Safnahúsið á Húsav. Byggðasafn S-Þing	2.400.000 kr.	400.000 kr.	2.800.000 kr.
Safnahúsið Eyrartúni Listasafn Ísafjarðar			0 kr.
Safnahúsið Eyrartúni Ljósmyndasafnið Ísaf.		300.000 kr.	300.000 kr.
Safnasafnið	1.000.000 kr.	300.000 kr.	1.300.000 kr.
Safnast.Fjarðab. Náttúrugr.safnið í Nesk.st.		200.000 kr.	200.000 kr.
Safnast.Fjarðab. Sjöminjasafn Austurl	1.000.000 kr.	200.000 kr.	1.200.000 kr.
Safnasv.Akran. Byggðasafn Akraness og nærsv.	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Samgönguminjasafnið Ystafelli	1.000.000 kr.		1.000.000 kr.
Sauðfjársetur á Ströndum	1.000.000 kr.	200.000 kr.	1.200.000 kr.
Selasetur Íslands			0 kr.
Sildarminjasafnið á Siglufirði	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Samstarfsverkefni sjöminjasafna.			0 kr.
Tónlistarsafn Íslands			0 kr.
Tækniminjasafn Austurlands	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
Veiðisafnið	1.000.000 kr.	100.000 kr.	1.100.000 kr.
Verslunarminjasafnið Hvammstanga			0 kr.
Víkin, sjöminjasafnið í Reykjavík	1.600.000 kr.	300.000 kr.	1.900.000 kr.
	63.100.000 kr.	13.550.000 kr.	76.650.000 kr.
		Safnasjóður 2007:	84.600.000 kr.
		Safnaráð, kostn. af starfsemi:	9.400.000 kr.
		Safnasjóður eftirstöðvar í styrki:	75.200.000 kr.*
		<i>*Uppsafnað fé frá fyrra ári nýtt.</i>	

**ATH – Samstarfsverkefni náttúrusafna - Sjá 59.
fund Safnaráðs 9. maí 2007**

Fjárlög 2007

20 söfn af 52 styrkhöfum Safnasjóðs 2007 (38% safnanna) hlutu jafnframt beina fjárveitingu á fjárlögum sama ár. Í flestum tilfellum er um að ræða styrki sem veittir eru af fjárlaganefnd samkvæmt umsóknum safna til nefndarinnar. Við þær úthlutanir er ekki byggt á faglegri umfjöllun eða jafnræðisreglu stjórnvaxlagagagna og eftirlit með nýtingu fjárins er óljóst. Fáein safnanna hljóta rekstrarstyrki árlega á fjárlögum á sér fjárlagaliðum og í örfáum tilfellum er um að ræða fjárveitingu samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti. Beinar fjárveitingar til safna sem sóttu um í Safnasjóð á fjárlögum 2007 má sjá í töflunni hér fyrir neðan. Athygli vekur að söfnin eru samtals að fá hærri upphæð beint á fjárlögum (124,5 millj. en safnasjóður veitir í styrki 74,5 millj (heildarframlag var 84,6 millj. en skv. heimild í lögum fer hluti framlags í sjóðinn í rekstur Safnaráðs)).

Beinar fjárveitingar til safna sem sóttu um í Safnasjóð á árinu 2007 og Safnasjóður 2007:

Safn:	Fjárlög 2007:	Fjárlagaliður:	Safnasjóður 07:	Samtals 2007:
Bóka- og byggðasafn N-Þing.			1.300.000 kr.	1.300.000 kr.
Byggðasafn Dalamanna			300.000 kr.	300.000 kr.
Byggðasafn Garðskaga			1.900.000 kr.	1.900.000 kr.

Farskóli			350.000 kr.	350.000 kr.
Byggðasafn Hafnarfjarðar			1.900.000 kr.	1.900.000 kr.
Byggðasafn Húsvetninga og Strandamanna			1.700.000 kr.	1.700.000 kr.
Byggðasafn Rangæinga & V-Skaftfell. Skógum	5.000.000 kr.	02-919-6.90	1.900.000 kr.	6.900.000 kr.
Byggðasafn Reykjanesbæjar			1.900.000 kr.	1.900.000 kr.
Byggðasafn Skagfirðinga	3.000.000 kr.	02-919-1.90	1.900.000 kr.	4.900.000 kr.
Byggðasafn Snæfellinga og Hn.d.			1.900.000 kr.	1.900.000 kr.
Byggðasafn Vestfjarða	6.000.000 kr.	02-919-6.90	1.900.000 kr.	7.900.000 kr.
Byggðasafnið Hvoll, Dalvík			1.700.000 kr.	1.700.000 kr.
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	1.800.000 kr.	02-919-1.90	1.500.000 kr.	3.300.000 kr.
Flugasafn Íslands	5.000.000 kr.	02-999-6.90	1.000.000 kr.	6.000.000 kr.
Grasagarður Reykjavíkur			400.000 kr.	400.000 kr.
Hafnarborg			1.900.000 kr.	1.900.000 kr.
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi			1.700.000 kr.	1.700.000 kr.
Húsið - Byggðasafn Árnesinga			2.700.000 kr.	2.700.000 kr.
Húsið - Rjómabúið á Bausstöðum			200.000 kr.	200.000 kr.
Húsið - Sjóminjasafnið á Eyrarbakka			0 kr.	0 kr.
Hvalamiðstöðin á Húsavík	10.000.000 kr.	02-919-1.98	1.600.000 kr.	11.600.000 kr.
Iðnaðarsafnið á Akureyri	1.500.000 kr.	02-919-1.90	1.200.000 kr.	2.700.000 kr.
Landbúnaðarsafn Íslands ses.			200.000 kr.	200.000 kr.
Landmælingar Íslands-skjalasafn-sögusýn.				0 kr.
Leikminjasafn Íslands	5.000.000 kr.	02-982-1.90	1.700.000 kr.	6.700.000 kr.
Listasafn Árnesinga			1.800.000 kr.	1.800.000 kr.
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn			1.800.000 kr.	1.800.000 kr.
Listasafn Reykjanesbæjar			1.800.000 kr.	1.800.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur			1.900.000 kr.	1.900.000 kr.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	8.000.000 kr.	02-919-1.12	300.000 kr.	8.300.000 kr.
Listasetrið Kirkjuhvoll, Akranesi			0 kr.	0 kr.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur			1.900.000 kr.	1.900.000 kr.
Menn.m.st. Hornafj. Byggðasafn A-Skaft.			2.400.000 kr.	2.400.000 kr.
Meningarmiðstöð Hornafj.-Héraðsskjalasafn			0 kr.	0 kr.
Menn.m.st. Hornafj. Náttúrugripasafn			0 kr.	0 kr.
Minjasafn Egils Ólafssonar	2.000.000 kr.	02-919-6.90	1.600.000 kr.	3.600.000 kr.
Minjasafn Reykjavíkur			1.900.000 kr.	1.900.000 kr.
Minjasafnið á Akureyri			1.900.000 kr.	1.900.000 kr.
Minjasafnið Bustarfell	3.000.000 kr.	02-919-6.90	600.000 kr.	3.600.000 kr.
Náttúru- og menningarsetrið Skálanes.			0 kr.	0 kr.
Náttúrufræðistofa Kópavogs			1.600.000 kr.	1.600.000 kr.
Náttúrufr.st.Kóp.-skrán.kerfi f. náttúrusöfn			0 kr.	0 kr.
Náttúrustofa Vestfj.-Náttúrugr.safnið í Bol.vík			300.000 kr.	300.000 kr.
Nýlistasafnið	8.000.000 kr.	02-919-1.12	200.000 kr.	8.200.000 kr.
Safn			0 kr.	0 kr.
Safnahús Borg.fj. Byggðasafn Borgarfj.			1.500.000 kr.	1.500.000 kr.
Safnahús Vestm.e. Byggðasafn Vestm.e.			1.800.000 kr.	1.800.000 kr.
Safnahús Vestm.e. Listasafn Vestm.e.			0 kr.	0 kr.
Safnahús Vestm.e. Ljósmyndasafn			0 kr.	0 kr.
Safnahúsið á Egilst. Minjasafn Austurlands			1.900.000 kr.	1.900.000 kr.
Safnahúsið á Húsav. Byggðasafn S-Þing			2.800.000 kr.	2.800.000 kr.
Safnahúsið Eyrartúni Listasafn Ísafjarðar			0 kr.	0 kr.
Safnahúsið Eyrartúni Ljósmyndasafnið Ísaf.			300.000 kr.	300.000 kr.
Safnasafnið	4.000.000 kr.	02-919-1.90	1.300.000 kr.	5.300.000 kr.
Safnast.Fjarðab. Náttúrugr.safnið í Nesk.st.			200.000 kr.	200.000 kr.
Safnast.Fjarðab. Sjóminjasafn Austurl			1.200.000 kr.	1.200.000 kr.
Safnasv.Ákran. Byggðas. Akraness & nærsv.	17.000.000 kr.	02-919-1.98 (12 millj.) og 02-919-6.90 (5 millj.)	1.900.000 kr.	18.900.000 kr.
Samgönguminjasafnið Ystafelli	5.000.000 kr.	02-919-6.90	1.000.000 kr.	6.000.000 kr.
Sauðfjársetur á Ströndum	5.000.000 kr.	02-919-6.90	1.200.000 kr.	6.200.000 kr.

Selasetur Íslands			0 kr.	0 kr.
Síldarminjasafnið á Siglufirði	19.200.000 kr.	02-919-6.90 (5 millj.) og 02-919-6.36 (14,2 millj.)	1.900.000 kr.	21.100.000 kr.
Samstarfsverkefni sjóminjasafna.			0 kr.	0 kr.
Tónlistarsafn Íslands			0 kr.	0 kr.
Tækniminjasafn Austurlands	4.000.000 kr.	02-919-6.90	1.900.000 kr.	5.900.000 kr.
Veiðisafnið	2.000.000 kr.	02-919-6.90	1.100.000 kr.	3.100.000 kr.
Verslunarmínjasafnið Hvammstanga			0 kr.	0 kr.
Víkin, sjóminjasafnið í Reykjavík	10.000.000 kr.	02-919-1.98	1.900.000 kr.	11.900.000 kr.
Samtals beint á fjárlögum:	124.500.000 kr.	Samtals Safnasjóður:	74.650.000 kr.	Samtals: 199.150.000 kr.

Auk beinna framlaga á fjárlögum 2007 til þessara safna hlutu fjölmargar aðrar stofnanir í safnastarfi beinar fjárveitingar á fjárlögum sama ár.

Erindi til afgreiðslu

Samþykki húsnæðisstyrkja

Engar umsóknir safna um húsnæðisstyrki til menntamálaráðuneytis skv. 11. gr. safnalaga bárust Safnaráði til umsagnar á árinu 2007. Í samræmi við ákvæði 11. gr. fjallar Safnaráð um slík erindi, en veiting húsnæðisstyrks skv. 11. gr. er háð samþykki Safnaráðs á stofnkostnaði og húsnæði.

Leyfi til útflutnings menningarverðmæta

Á árinu 2007 komi fimm leyfi til umfjöllunar hjá Safnaráði, til tímabundins útflutnings listmuna og fornminja með vísan til 2. gr. laga nr. 105/2001 og 7. gr. safnalaga nr. 106/2001. Útflutningur var heimilaður í öllum tilfellum. Um var ræða fornminjar úr fornleifauppgröftum, sem fluttar voru erlendis í rannsóknarskygni og listmuni sem fluttir voru á sýningar erlendis.

Önnur erindi

Ennfremur komu mörg formleg erindi af öðrum toga til umfjöllunar hjá Safnaráði á árinu 2006, auk þess sem Safnaráð ályktaði um málefni á starfssviði ráðsins. Skrifstofu Safnaráðs bárust jafnframt fjölmörg óformleg erindi og fyrirspurnir um hin ýmsu mál er tengjast safnastarfi.

Stefnumótun stjórnvalda í safnamálum

Reynslan hefur sýnt okkur að metnaðarfullt safnastarf á Íslandi getur ekki staðið eitt og óháð ríkisvaldinu. Bryn nauðsyn er til að ríkisvaldið leggi töluverðar fjárhæðir til styrktar söfnum, en hefur þetta aðallega verið gert með eftirfarandi hætti:

1. með beinum rekstri ríkissafna.
2. með fjárveitingu í Safnasjóð sem útteilir ríkisstyrkjum til safna.
3. með samningum einstaka safna við ráðuneyti (aðallega um stofnstyrki til húsnæðisöflunar).
4. með samningum ríkisvalds við sveitarstjórnir um styrki til menningarmála.
5. með einstaka styrkjum til safna á fjárlögum sem fjárlaganefnd ákvarðar.
6. með öðrum styrkjum (í gegnum opinbera sjóði m.a.).

Þegar hugað er að mikilvægi ríkisvaldsins varðandi tilurð og rekstur safna á Íslandi er ljóst bryn nauðsyn er til að fjárveitingar ríkisins til þessa málaflokks byggji á skýrt mótaðri stefnu ríkisvaldsins í safnamálum.

Samfara ríkisstyrkjum til safna hefur ríkisvaldið lagt metnað í að reyna um leið að stuðla að faglegu safnastarfi á Íslandi og hámarka þannig árangur af starfi íslenskra safna.

Ein aðferð ríkisvaldsins til að stuðla að faglegu safnastarfi samfara ríkisstyrkveitingum er með starfi Safnaráðs. Önnur er með lögbundnu leiðbeiningarhlutverki höfuðsafnanna á hverju sviði skv. 5. gr. safnalaga nr. 106/2001, Þjóðminjasafnsins á sviði menningarminjavörslu, Listasafns Íslands á sviði listminja og Náttúruminjasafns Íslands á sviði náttúruminja, gagnvart þeim söfnum sem falla undir þeirra verksvið.

Höfuðsöfnin

Þegar safnalög voru sett 31. maí árið 2001 náði eftirlitshlutverk Safnaráðs einnig til höfuðsafnanna en hljómaði 3. gr. laganna þá svo: "Safnaráð er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna. Safnaráð hefur eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Safnaráð úthlutar úr safnasjóði, sbr. 10. gr." Ákvæði er varðar söfn í eigu ríkisins var tekið út með lagabreytingu þann 12. desember 2002 og frá þeim tíma hefur Safnaráð einungis haft eftirlitshlutverk gagnvart söfnum sem hljóta ríkisstyrki.

Engu að síður er mikilvægt að Safnaráði sé kunnugt um starfsemi höfuðsafnanna með tilliti til leiðbeiningarskyldu þeirra samkvæmt ákvæðum 5. gr. safnalaga og með tilliti til þeirra viðmiða sem höfuðsöfnin setja safnastarfi á sínu sviði.

Til að geta sinnt leiðbeiningarhlutverki sem skyldi, gagnvart söfnum er starfa á þeirra sviði, þurfa höfuðsöfnin að hafa ákveðna sérstöðu. Þau þurfa að uppfylla alþjóðlegar gæðakröfur um starfsemi safna og vera fagleg og vönduð á allan hátt.

Þjóðminjasafn Íslands – höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu

Þann 1. september 2004 opnaði Þjóðminjasafn Íslands sýningarhúsnæði sitt að Suðurgötu 41 á ný eftir 6 ára endurbyggingu og endurskipulagningu. Afar jákvæð þróun hefur átt sér stað með endurbótum Þjóðminjasafnsins, þar sem vel hefur verið vandað til allra þátta starfseminnar og alþjóðleg viðmið, stefnur og staðlar haft til hliðsjónar. Geymsluhúsnæði og umbúnaður safngripa er fyrsta flokks, fagleg forvarsla er stunduð við góðar aðstæður og skráning og rannsóknir vandað. Með sýningarhúsnæði sem stenst nútímakröfur um faglegt safnastarf er miðlun, samfara öryggisaðstæðum og forvörslu safngripa á sýningum, einnig eins og best verður á kosið. Þau



Mynd: Þjóðminjasafn Íslands © Þjóðminjasafn Íslands.

breyttu og bættu viðmið í safnastarfi sem þarna hafa orðið til eru til hvatningar og eflingar fyrir íslenskt safnastarf í heild.

Þjóðminjasafn Íslands gaf, fyrst höfuðsafnanna, út árið 2002 heildarstefnu á sviði þjóðminjavörslu: Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008, sem er mikilvægur leiðarvísir safna er starfa á því sviði. Stefna þessi var samþykkt af menntamálaráðherra vorið 2003 og er hún yfirlýst stefna stjórnvalda á sviði safnamála.⁸

⁸ Sjá ávarp Steingríms Sigurgeirssonar, aðstoðarmanns menntamálaráðherra, á Málþingi Safnaráðs um menntunarhlutverk safna í Listasafni Íslands, 21. október 2004.

Myndasafn Þjóðminjasafns Íslands hlaut Íslensku safnaverðlaunin árið 2003.

Sem áður sagði hlaut Þjóðminjasafn Íslands sérstaka viðurkenningu (A special commendation) Evrópuráðs safna (European Museum Forum) í samkeppni um safn Evrópu (European Museum of the Year Award) á árinu 2006. Safnaráð tilnefndi safnið til samkeppninnar í janúar 2005.

Þá hlaut Þjóðminjasafn Íslands einnig viðurkenningu Sjálfsbjargar 2006 fyrir gott aðgengi fatlaðra í endurnýjuðum húsakynnum safnsins og á sýningum þess. Áður hafa eftirfarandi söfn hlotið þessa viðurkenningu: Hafnarborg, lista- og menningarmiðstöð Hafnarfjarðar (2004), Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn (2001), Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús (2000), Listasafn Íslands (1997).

Listasafn Íslands – höfuðsafn á sviði myndlistar

Einnig hafa náðst jákvæðir áfangar í uppbyggingu Listasafns Íslands. Árið 1987 flutti safnið á Frikirkjuveg 7 en aðalbyggingin var reist sem íshús árið 1916 eftir uppdráttum Guðjóns Samúelssonar og nýbyggingin er verk Garðars Halldórssonar, húsameistara ríkisins. Skrifstofur safnsins fluttu árið



Mynd: Listasafn Íslands © Listasafn Íslands.

2001 á Laufásveg 12 og geymir Frikirkjuvegur 7 nú sýningarsali, safnbúð, kaffihús safnsins og listaverkageymslur. Þrátt fyrir þessa jákvæðu áfanga eru enn aðkallandi mál, en meðal þeirra eru stækkun sýningarrýmis, aukning á fjármagni til listaverkakaupa og fjölgun starfsfólks. Einungis fyrsti áfangi af fleiri áætluðum hefur náðst í húsnæðismálum safnsins og er þjóðlistasafninu enn sem komið er ekki mögulegt sé að gera sögu íslenskrar myndlistar skil á grunnsýningu.

Ennfremur veldur takmarkað fjármagn til listaverkakaupa hættu á því að göt myndist í safnkosti safnsins, en skv. lögum nr. 58/1988 um Listasafn Íslands skal safnið „[...] afla svo fullkomins safns íslenskrar myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita og sýna, innan lands og utan. Leitast skal við að afla verka sem

endurspeglar sem best nýja strauma og stefnur í íslenskri myndlist á hverjum tíma [...]“ ennfremur skal safnið „[...] afla viðurkenndra erlendra listaverka og má verja í því skyni tíu af hundraði af því fé sem safninu er fengið til listaverkakaupa.“ Ljóst er að óbreytt fjárveiting til innkaupa nægir ekki til að uppfylla skilyrði laganna varðandi innkaup.

Listasafn Íslands hlaut viðurkenningu Sjálfsbjargar fyrir gott aðgengi fatlaðra á safninu árið 1997.

Listasafn Íslands gaf í október 2005 út heildarstefnumótun fyrir stofnunina, stefnumótun Listasafns Íslands 2006-2011. Safnið bauð upp almenningi upp á ókeypis aðgang frá 24. febrúar 2006, með stuðningi Samson eignarhaldsfélags.

Náttúruminjasafn Íslands – nýtt höfuðsafn á sviði náttúruminja

Þegar safnalög voru sett árið 2001 voru sett ákvæði til bráðabirgða í lögnum hvað varðar Náttúrugripasafn Íslands. Í bráðabirgðaákvæði segir: „Ákvæði 5. mgr. 5. gr. sem kveður á um að Náttúruminjasafn Íslands hafi stöðu höfuðsafns kemur ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við lög þessi. Náttúruminjasöfn eiga eftir sem áður rétt á styrkjum úr safnasjóði á grundvelli 10. gr. með sama hætti og önnur minjasöfn. [...] Þar til Náttúruminjasafn Íslands hefur verið sett á stofn, sbr. 5. mgr. 5. gr., skal forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands eiga sæti í safnaráði og tilnefna varamann í sinn stað. Eftir þann tíma tekur forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands sæti í safnaráði samkvæmt lögum þessum.“ Frá upphafi hafa verið settar á fót hátt í 20 nefndir sem fjallað hafa um málefni safnsins en hægt miðað þó í málefnum þess lengi vel.

Náttúruminjasafn Íslands var stofnað skv. lögum nr. 35/2007, þann 27. mars það ár. Dr. Helgi Torfason var ráðinn forstöðumaður við safnið og tók hann við stöðu fulltrúa höfuðsafns á sviði náttúruminja í Safnaráði þann 1. júní 2007. Náttúruminjasafn Íslands hefur skrifstofuaðstöðu að Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sýningarhúsnæði er ekkert enn sem komið er enda unnið að þróun, stefnumótun og uppbyggingu safnsins.

Tölfræðiupplýsingar um safnastofnanir

Gagnlegt er að bera saman tölfræðilegar upplýsingar um söfn á Íslandi við upplýsingar um safnastarf víða í Evrópu. Í framhaldi af umræðum á hinum ýmsu ráðstefnum og málþingum á Evrópugrundvelli um vöntun á aðgengilegum samanburðarupplýsingum um safnastarfsemi í Evrópu setti Evrópusambandið á fót verkefnið Stýrihóp um samræmingu menningarlegrar tölfræði innan Evrópusambandsins (Leadership Group on Harmonisation of Cultural Statistics in the EU). Í framhaldi voru settir á fót vinnuhópar sem safnað hafa þessum upplýsingum. European Group on Museum Statistics (EGMUS) heldur úti vefsíðu þar sem finna má ýmsar samræmdar tölfræðiupplýsingar um ýmis Evrópulönd (ath. ekki er fjallað um Ísland í skýrslunni).⁹

Taflan hér fyrir neðan sýnir upplýsingar um söfn á hverja 100 þús. íbúa í nokkrum Evrópulöndum skv. upplýsingum frá löndunum sjálfum. Athuga ber að um er að ræða eiginleg söfn á hverja 100 þús. íbúa, þ.e. söfn skv. skilgreiningu vinnuhóps EGMUS á hugtakinu „safn“ (sbr. museum) skv. skilgreiningu ICOM, alþjóðaráðs safna, á safni en hljóðar hún svo: „Safn er varanleg stofnun opin almenningi, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni heldur í þágu þjóðfélags og framþróunar og hefur það hlutverk að safna efnislegum heimildum sem snerta manninn og umhverfi hans, standa vörð um þær, rannsaka þær, miðla upplýsingum um þær og hafa þær til sýnis, svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.“¹⁰ Undanþága frá þessu eru Belarus, Eistland og Svíþjóð, þar sem um er að ræða skilgreiningu landsins sjálfs á safni.

Söfn á hverja 100 þús. íbúa eftir nokkrum Evrópulöndum 2007¹¹

Söfn á 100 þús. íbúa

Belarus	1,4
Króatía	5
Eistland	15,7
Grikkland	1,6
Ísland	20
Ítalía	0,72
Lettland	5,6
Noregur	3,7
Rúmenía	3,46
Svíþjóð	2,2

**M.v. áætlaða tölu á Íslenskum stofnunum sem kallast geta, söfn“ skv. skilgreiningu ICOM (skv. mati Safnaráðs).*

Meðalfjöldi safna á hverja 100 þús. íbúa í ofangreindum löndum, ef Ísland er ekki meðtalið, er **4,38** söfn. Ef Ísland er meðtalið hækkar meðaltalið í **5,94**. Ísland er með 20 söfn á hverja 100 þús. íbúa, eða um 30% fleiri en það land sem kemur næst á eftir, sem er Eistland með 15,7 söfn.

Samfara því að halda skrá yfir safnastarf í landinu hefur Safnaráð safnað gagnlegum upplýsingum um starfsemi íslenskra stofnana á safnasviði. Bent er á ársskýrslur Safnaráðs 2003 og 2004 fyrir nýlegar tölfræðiupplýsingar um íslenskt safnastarf.

⁹ Sjá <http://egmus.minuskel.de/index.php?id=15> (A Guide to European Museum Statistics. European Group on Museum Statistics (EGMUS)). (Ath. ekki voru fyrir hendi upplýsingar frá öllum löndum Evrópu).

¹⁰ Íslandsdeild ICOM. Samþykktir – siðareglur. Íslandsdeild ICOM. Reykjavík: 1997

¹¹ <http://egmus.minuskel.de/index.php?id=15> (A Guide to European Museum Statistics. European Group on Museum Statistics (EGMUS))

Vettvangsferð Safnaráðs 2007

Safnaráð fór ekki vettvangsferð á árinu 2007.

Ferðir framkvæmdastjóra og formanns 2007

Ferðir erlendis:

Formaður Safnaráðs, Margrét Hallgrímsdóttir, sótti Aðalfund European Museum Forum 2007, í Alicante, Portúgal dagana 2. – 5. maí 2007, á vegum Safnaráðs.

Starfandi framkvæmdastjóri 1. ágúst 2007 – febrúar 2008 sökum barnsburðarleyfis frkv.stj., Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, sótti fund samstarfsnefndar aðila frá opinberum, norrænum safnastofnunum, í Osló dagana 23. og 24. maí 2007.

Starfandi framkvæmdastjóri sótti 19. farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna 18. – 21. september, en farskólinn fór í fyrsta sinn fram erlendis, í Glasgow og Edinborg, Skotlandi.

Ferðir innanlands:

Framkvæmdastjóri og starfandi framkvæmdastjóri heimsóttu fjölda safnastofnana á höfuðborgarsvæðinu á árinu.

Rannsóknargrein um safnastarf

Heildrænar rannsóknir aðila hér á landi á starfsemi safna og tengdum þáttum hafa fyrst og fremst farið fram innan háskólaumhverfis og er hér birtur útdráttur eins slíks verkefnis. Verkefni sem birtast í formi útdráttar í ársskýrslu Safnaráðs eiga það sameiginlegt að vera lokaverkefni nemenda í framhaldsnámi við safnafræði og tengd fög. Ritgerðina og nánari upplýsingar má nálgast hjá höfundi.

Umdæmissöfn á Íslandi

Meistararitgerð í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands 2006
Leiðbeinandi: Gunnar Helgi Kristinsson

Höfundur: Gísli Sverrir Árnason



Gísli Sverrir Árnason

Umdæmissöfn á Íslandi

Í ritgerðinni er fjallað um hugmyndina um umdæmissöfn á Íslandi. Til athugunar eru fimm tegundir safna; almenningsbókasöfn, héraðsskjalasöfn, listasöfn, menningarminjasöfn og náttúruminjasöfn og kemst höfundur að því að allt að 350 safneiningar séu starfræktar í landinu, flestar afar smáar og veikburða. Ríkið rekur höfuðsöfnin (Listasafn Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og væntanlegt Náttúruminjasafn Íslands) og "fagsöfnin" (Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Þjóðskjalasafn Íslands). Sveitarfélögin standa hins vegar að baki flestum hinna smærri safneininga sem höfundur gefur samheitið héraðssöfn.

Í rannsókninni er komist að þeirri niðurstöðu að vert sé að breyta stjórnskipulagi safnamála í landinu með því að koma á fót svokölluðum umdæmissöfnum sem hefðu aukið hlutverk meðal almennra safna landsins og væru nokkurs konar þriðja stjórnsýslustig safna, milli meginsafna og héraðssafna. Þrískipting safnastarfsemi eða þriggja þrepa stjórnsýsla safnamála sé til hagsbóta og muni efla safnastarf í landinu. Ennfremur verði safnalögum og sérlegum ríkissafna breytt á þann veg að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Þjóðskjalasafn Íslands fái skilgreiningu sem höfuðsöfn á sínum sviðum, til jafns við Listasafn Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og væntanlegt Náttúruminjasafn Íslands.

Í rannsókninni er fjallað um hlutverk og verkefni umdæmissafna, starfssvæði þeirra og rekstur og sýnt fram á að með tiltölulega fáum umdæmissöfnum í hverri safntegund sé hægt að stuðla að bættri þjónustu og skilvirkari stjórnsýslu.

Þá er lagt til að hlutverk Safnaráðs verði útvíkkað þannig að það verði leiðandi ráðgjafar- og þjónustustofnun á sviði allra safna í landinu og stuðli sérstaklega að samstarfi ólíkra safntegunda. Heiti þess gæti orðið: *Safnaráð (SHA). Miðstöð safna, héraðsskjalasafna og almenningsbókasafna á Íslandi*. Í Noregi starfar *ABM-utvikling - Statens senter for arkiv, bibliotek og museum* og í Englandi *MLA, The Museums, Libraries and Archives Council* svo dæmi séu tekin um sambærilegar stofnanir erlendis.

Þrátt fyrir ýmis lagafyrirmæli, áhuga stjórnvalda og þrýsting safnafólks hefur fyrirkomulagi umdæmissafna ekki verið komið á héraðs. Víða erlendis hefur þetta fyrirkomulag þó löngu

sannað sig. Frá gildistöku laga um almenningsbókasöfn árið 1997 hefur til dæmis ákvæði um bókasafnsumdæmi ekki komið til framkvæmda og þótt svipað ákvæði hafi verið í lögum allt frá árinu 1976 er varla hægt að segja að reynt hafi á það samkvæmt upphaflegum tilgangi.


Umræða meðal safnafólks að undanfögnu hefur meðal annars beinst að því að styrkja stjórnsýslu safnamála og auka samstarf safna. Með nýju skipulagi, stofnun umdæmissafna og viðtækara hlutverki Safnaráðs og höfuðsafna væri hægt að efla allt safnastarf í landinu og auðvelda samskipti milli eininga og ólíkra safntegunda.

Þótt auka þurfi við fjárframlög ríkisins til málaflokksins með þeim breytingum sem höfundur leggur til, er sýnt fram á að slík aukning skilar sér í bættri þjónustu og betra skipulagi.


Í tillögum í rannsókninni er lögð fram hugmynd að fjögurra ára áfangaskiptu breytingaskeiði, sem nærði t.d. yfir árin 2007 - 2010. Verkefnisstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins hefði forystu um verkefnið og tryggði að samráð yrði virkt við alla hagsmunaaðila.

Niðurstöðum rannsóknarinnar er nánar lýst hér á eftir á myndrænu formi. Í stuttu máli er í rannsókninni komist að þeirri niðurstöðu að vert sé að breyta stjórnskipulagi safnamála í landinu á þann hátt að koma á fót svokölluðum umdæmissöfnum sem hefðu aukið hlutverk meðal almennra safna landsins og væru nokkurs konar þriðja stjórnsýslustig safna, milli höfuðsafna og héraðssafna. Þrískipting safnastarfsemi eða þriggja þrepa stjórnsýsla safnamála sé til hagsbóta og muni efla safnastarf í landinu.

Sveitarfélögum fækkar



Söfnum fjölgar




Fimm safnategundir


Safntegund	Höfuðsafn eða „fagsafn“	Lög	Reglugerðir	Áætl. fjöldi
<i>Almenningsbókasöfn</i>	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	Lög um almenningsbókasöfn / Lög um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	Rgl um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	93
<i>Menningarminjasöfn</i>	Þjóðminjasafn Íslands	Safnalög / Þjóðminjalög		148
<i>Héraðsskjala-söfn</i>	Þjóðskjalasafn Íslands	Lög um Þjóðskjalasafn Íslands	Rgl um héraðsskjalasöfn	20
<i>Listasöfn</i>	Listasafn Íslands	Safnalög / Lög um Listasafn Íslands	Rgl um Listasafn Íslands	37
<i>Náttúru-minjasöfn</i>	Náttúrufræðistofnun Íslands / Náttúru-minjasafn Íslands (óstofnað)	Safnalög / Lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (Frv til laga um Náttúru-minjasafn Íslands)		45
			ALLS	343

Umdæmisskipting á tengdum sviðum


Minjasvæði og minjaverðir



Náttúrustofur



Umdæmissöfn



Hlutverk og verkefni umdæmissafna

Starfssvæði umdæmissafna

Rekstur umdæmissafna

Samstarf ólíkra safntegunda á Íslandi

SHA. Safnaráð, miðstöð safna, héraðsskjalasafna og almenningsbókasafna á Íslandi.

Noregur: ABM-utvikling - Statens senter for arkiv, bibliotek og museum

England: MLA, The Museums, Libraries and Archives Council

Umræða um einföldun og samstarf!

Þrátt fyrir ýmis lagafyrirmæli, áhuga stjórnvalda og þrýsting safnafólks hefur fyrirkomulagi umdæmissafna ekki verið komið á héraendis. Viða erlendis hefur þetta fyrirkomulag þó löngu sannað sig.

Frá gildistöku laga um almenningsbókasöfn árið 1997 hefur til dæmis ákvæði um bókasafnumdæmi ekki komið til framkvæmda og þótt ákvæðið hafi verið í lögum allt frá árinu 1976 er varla hægt að segja að reynt hafi á það samkvæmt upphaflegum tilgangi.

Fjöldmörg rök hniga að því að slíkt fyrirkomulag styrki allt safnastarf í landinu, einfaldi stjórnsýslu og stuðli að réttlátari og skilvirkari skiptingu fjármuna hins opinbera.


Öll umræða að undanförunu hefur beinst að einföldun stjórnsýslu og samstarfi safna. Með nýju skipulagi og breyttri starfsemi Safnaráðs er hægt að efla allt safnastarf í landinu og auðvelda samskipti milli eininga og tegunda.

Þótt talsvert þurfi að auka við fjárframlög ríkisins til málaflöksins er sýnt fram á að slík aukning skilar sér í bættri þjónustu og betra skipulagi.

Ferli breytinga

Gert er ráð fyrir fjögurra ára áfangaskiptu breytingaskeiði t.d. árin 2007 - 2010. Verkefnisstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins hefur forystu um verkefnið og tryggir að samráð sé virkt og gagnvirk.


Almenningsbókasöfn



Almenningsbókasöfn á Íslandi 2006 og hugmynd að skiptingu þeirra í umdæmi.

Niðurstaða: 93 almenningsbókasöfn eru starfandi í dag. Tillaga er gerð um að 8 þeirra verði skilgreind sem umdæmissöfn.


Héraðsskjalasöfn



Héraðsskjalasöfn á Íslandi 2006 og hugmynd að skiptingu þeirra í umdæmi.

Niðurstaða: 20 héraðsskjalasöfn eru starfandi í dag. Tillaga er gerð um að 7 þeirra verði skilgreind sem umdæmissöfn.

Listasöfn




Listasöfn á Íslandi 2006 og hugmynd að skiptingu þeirra í umdæmi.

Niðurstaða: 37 listasöfn eru starfandi í dag. Tillaga er gerð um að 5 þeirra verði skilgreind sem umdæmissöfn.

Athugasemdir: Ljósmyndasöfn eru hér flokkuð með listasöfnum. Færa mætti rök fyrir því að flokka þau allt eins með héraðsskjalasöfnum eða menningarminjasöfnum.

Menningarminjasöfn




Menningarminjasöfn á Íslandi 2006 og hugmynd að skiptingu þeirra í umdæmi.

Niðurstaða: 148 menningarminjasöfn eru starfandi í dag. Tillaga er gerð um að 8 þeirra verði skilgreind sem umdæmissöfn.

Athugasemdir: Hér, eins og víðar, úir og grúir af safnvisum, setrum og sýningum. Allt er þó talið með til þess að fá heildarmyndina.

Náttúruminjasöfn



Náttúruminjasöfn á Íslandi 2006 og hugmynd að skiptingu þeirra í umdæmi.

Niðurstaða: 45 náttúruminjasöfn eru starfandi í dag. Tillaga er gerð um að 5 þeirra verði skilgreind sem umdæmissöfn.

Lokaorð

Enn er fjárveitingum ríkis til safnastarfs að stórum hluta veitt framhjá Safnasjóði og faglegri umfjöllun Safnaráðs með stjórnsýslulög og ákvæði þess, svo sem jafnræðisregluna, að leiðarljósi. Það hlýtur að vera krafa allra aðila samfélagsins, einnig safna, að stjórnvöld veiti þeim sambærilega málsmeðferð.

Líkt og fyrri ár er mikilvægt er að stjórnvöld marki stefnu um árangursrika, faglega og hagnýta uppbyggingu safnastarfs sem leið samfélagsins sér til viðhalds og þroska. Ekki síður er mikilvægt að stjórnvöld tryggi jafna meðferð aðila þegar kemur að úthlutun ríkisfjár til safnastarfs og að þau tryggi jafnframt að fagleg viðmið ráði ferð við slíka úthlutun. Er það krafa skattgreiðenda jafnt sem safnmanna að almannafé til þessa málaflokks sé varið á þann hátt að nyting þess tryggi árangur og framþróun. Safnaráð mun áfram beita sér fyrir eflingu Safnasjóðs með það fyrir augum að auka vægi faglegrar umfjöllunar um fjárveitingar ríkis til safnamála. Huga þarf að heildrænni stefnu um ýmsa þætti safnastarfs og mun Safnaráð beita sér áfram sem samráðsvettvangur safna og stuðla að framþróun safnastarfs á Íslandi með þessum hætti.

Hin heildrænu verkefni næstu missera á sviði safnastarfs eru enn sem áður: Umfjöllun um allt safnastarf (söfn, setur, sýningar, safnvísar o.s.frv.) fari fram á faglegum grundvelli. Styrkustu sprotarnir í safnastarfi verði styrktir enn frekar, jafnt fjárhagslega sem faglega, fremur en að grafið sé undan stoðum þeirra með sífelld aukinni dreifingu þess sem er til skiptanna. Byggt verði á því sem áunnist hefur og faglegt starf, þekking, samvinna, hagkvæmni og árangur haft að leiðarljósi við uppbyggingu safnastarfs á Íslandi.

Rakel Halldórsdóttir,
framkvæmdastjóri Safnaráðs

Viðauki 1: Styrkveitingar úr Safnasjóði 2006

Úthlutun úr Safnasjóði 2006

Samþykkt af Safnaráði á fundi 16. febrúar 2006.

Safn:	rekstrarst. 2006	verkefnast. 2006	Styrkir samtals:
Bóka- og byggðasafn N-Þing.	1.000.000 kr.	400.000 kr.	1.400.000 kr.
Byggðá - bæjarbókasafn Ölfuss	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Byggðasafn Dalamanna	0 kr.	250.000 kr.	250.000 kr.
Byggðasafn Garðskaga	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Byggðasafn Húsvetninga og Strandamanna	1.500.000 kr.	400.000 kr.	1.900.000 kr.
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftfell. Skógum	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Byggðasafn Skagfirðinga	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Byggðasafn Snæfellinga og Hn.d.	1.600.000 kr.	500.000 kr.	2.100.000 kr.
Byggðasafn Vestfjarða	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Byggðasafnið Hvoll, Dalvík	1.500.000 kr.	400.000 kr.	1.900.000 kr.
Draumasetrið Skuggsjá ehf.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	1.500.000 kr.	0 kr.	1.500.000 kr.
Flugsafn Íslands	1.000.000 kr.	0 kr.	1.000.000 kr.
Hafnarborg	1.600.000 kr.	0 kr.	1.600.000 kr.
Heimilisíðnaðarsafnið á Blönduósi	1.000.000 kr.	300.000 kr.	1.300.000 kr.
Húsið - Byggðasafn Árnesinga	2.400.000 kr.	400.000 kr.	2.800.000 kr.
Húsið - Rjómabúið á Baugsstöðum	0 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.
Húsið - Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	0 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.
Hvalamiðstöðin á Húsavík	1.600.000 kr.	0 kr.	1.600.000 kr.
Íðnaðarsafnið á Akureyri	1.600.000 kr.	250.000 kr.	1.850.000 kr.
Kirkjubæjarstofa	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Leikminjasafn Íslands	1.000.000 kr.	100.000 kr.	1.100.000 kr.
Listasafn Árnesinga	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Listasafn Reykjanesbæjar	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Ljósmyndasafn Sigurgeirs Jónssonar	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Menn.m.st. Hornafj. Byggðasafn A-Skaft.	2.400.000 kr.	0 kr.	2.400.000 kr.
Menn.m.st. Hornafj. Listasafn A-Skaft.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Menn.m.st. Hornafj. Náttúrugripasafn	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Minjasafn Egils Ólafssonar	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Minjasafn Reykjavíkur	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Minjasafnið á Akureyri	1.600.000 kr.	200.000 kr.	1.800.000 kr.
Minjasafnið Bustarfell	600.000 kr.	100.000 kr.	700.000 kr.
Náttúrufræðistofa Kópavogs	1.600.000 kr.	200.000 kr.	1.800.000 kr.
Náttúrufræðisófn Skráningarkerfi	0 kr.	ATH	0 kr.
Nonnahús	0 kr.	200.000 kr.	200.000 kr.
Nýlistasafnið	0 kr.	500.000 kr.	500.000 kr.
Safnahús Borg.fj. Byggðasafn Borgarfj.	1.000.000 kr.	100.000 kr.	1.100.000 kr.
Safnahús Borg.fj. Listasafn Borgarness	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahús Borg.fj. Náttúrugripasafn	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahús Vestm.e. Byggðasafn Vestm.e.	1.500.000 kr.	0 kr.	1.500.000 kr.
Safnahús Vestm.e. Listasafn Vestm.e.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahús Vestm.e. Ljósmyndasafn	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahúsið á Egilist. Minjasafn Austurlands	1.600.000 kr.	500.000 kr.	2.100.000 kr.
Safnahúsið á Egilist. Minjasafn Austurlands	0 kr.	350.000 kr.	350.000 kr.
Safnahúsið á Húsav. Byggðasafn S-Þing	2.400.000 kr.	0 kr.	2.400.000 kr.
Safnahúsið á Húsav. Myndlístasafn	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahúsið á Húsav. Náttúrugripasafn	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahúsið Eyrartúni Listasafn Ísafjarðar	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Safnahúsið Eyrartúni Ljósmyndasafnið Ísaf.	0 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.
Safnasafnið	1.000.000 kr.	200.000 kr.	1.200.000 kr.
Safnast.Fjarðab. Náttúrugr.safnið í Nes.k.st.	0 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.
Safnast.Fjarðab. Sjóminjasafn Austurl.	1.000.000 kr.	200.000 kr.	1.200.000 kr.
Safnasv.Akran. Byggðasafn Akraness og nærsv.	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Samgönguminjasafnið Ystafelli	1.000.000 kr.	0 kr.	1.000.000 kr.
Sauðfjársetur á Ströndum	1.500.000 kr.	300.000 kr.	1.800.000 kr.
Sildarminjasafnið á Siglufirði	1.600.000 kr.	500.000 kr.	2.100.000 kr.
Tækniminjasafn Austurlands	1.600.000 kr.	400.000 kr.	2.000.000 kr.
Veiðisafnið	1.000.000 kr.	250.000 kr.	1.250.000 kr.
Véla- og samg.minjas. Óslandshlið	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Vikin, sjóminjasafnið í Reykjavík	1.000.000 kr.	500.000 kr.	1.500.000 kr.
	60.400.000 kr.	13.700.000 kr.	74.100.000 kr.
		Safnasjóður 2006:	83.700.000 kr.
		Safnaráð, kostn. af starfsemi:	8.600.000 kr.
		Safnasjóður styrkir:	75.100.000 kr.

- Sjá 59. fund Safnaráðs 9. maí 2007

The Museum Council of Iceland

A Summary

In June 2001 The Museum Council of Iceland was founded with a set of new legislation, the Museum Act nr. 106/2001, Act nr. 105/2001 that deals with the transfer of cultural objects, and Act nr. 107/2001 dealing with the preservation of cultural heritage. The Council is composed of five members, the director of each of the three head museums, The National Museum of Iceland (cultural history heritage), The Natural History Museum of Iceland (founded March 27, 2007), and the National Gallery of Iceland (visual arts heritage). In addition, two members are appointed by organizations of vested interest, one from the Icelandic Association of Museums and Museum Professionals, and one from the Association of Local Authorities in Iceland.

The Museum Council works under the Icelandic Ministry of Education, Science, and Culture, and deals with various tasks regarding the national cultural and natural heritage.

The Council is a co-operative forum for Icelandic cultural and natural museums.

It supervises the Museum Fund and distributes from it monetary government grants to museums in accordance to Act nr. 106/2001. In the year 2007 65 museums and related organizations applied for government grants from the Museum Fund. 51 museums received grants of the total value of 74.650.000 Icelandic Crowns.

The Council is responsible for the execution of Act nr. 105/2001, dealing with the transfer of cultural objects between countries. One task related to that law is the granting of permits for the transfer of cultural valuables from Iceland.

In addition to this the Council addresses a number of other diverse tasks relating to its field.

The Museum Council's office is situated in the National Gallery at Laufasvegur 12, 101 Reykjavik, Iceland. The Managing Director of the Council is Rakel Halldorsdottir.

The following formed the Museum Council in the year 2007:

Members of the Council:

Substitutes:

Ólafur Kvaran, Director of the National Gallery of Iceland, Chair of the Museum Council until February 28, 2007.	Júliana Gottskálksdóttir, Director of the Einar Jónsson Art Museum (Listasafn Einars Jónssonar) (appointed from November 1, 2005).
Halldór Björn Runólfsson, Director of the National Gallery of Iceland. Member and Vice Chair of the council from March 1, 2007.	
Margrét Hallgrímsdóttir, Director of the National Museum of Iceland, Chair of the Museum Council from March 1, 2007.	Anna Guðný Ásgeirsdóttir, Financial Manager of the National Museum of Iceland
Jón Gunnar Ottósson, Director of the Icelandic Institute of Natural History, member of the council until June 1, 2007	Álfheiður Ingadóttir, Publishing Manager of the Icelandic Institute of Natural History Islands, substitute until June 1, 2007
Helgi Torfason, Director of the Natural History Museum of Iceland, member of the council from June 1, 2007 (with the establishment of the Natural History Museum of Iceland with a legislative Act nr. 35/2007).	

Sveinn Kristinsson, President of the Akranes Town Council (appointed from November 1, 2005).	Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir (appointed from November 1, 2005).
Karl Rúnar Þórsson, Chair of the Organization of Museum Professionals in Iceland (appointed from November 1, 2005).	Ágústa Kristófersdóttir, Exhibition Director, National Museum of Iceland (appointed from November 1, 2005).

s a f n a r á ð

the museum
council
of iceland

laufásvegi 12
101 reykjavík
sími: 515 9605
fax: 515 9601

www.safnarad.is
safnarad@safnarad.is